


LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 3. TBL. 19. ÁRG. 2013



KÖNNUN: HIN UNGA
LÖGMANNASTÉTT



FAGLEGUR
DRAUMUR SEM
RÆTIST



Af vettvangi félagsins

Árni Helgason:

Leiðari 4

Ályktun frá stjórn LMFÍ

Trúnaðarsamband lögmanns og skjólstæðings grundvallarregla 8

Jónas Þór Guðmundsson

Pistill formanns 18

Frá stjórn Lögmannafélagsins í tilefni af setningu innanríkisráðherra á leiðbeinandi reglum um endurgjald í löginnheimtumálum 24

Umfjöllun

Könnun Lögmannablaðsins:

Hin unga lögmannastétt 6

Birting dóma á netinu:

Sjálfsgöð upplýsingagjöf eða brot á persónuvernd? 10

Viðtal við Róbert R. Spanó:

Faglegur draumur sem rætist 14

Fimm ár frá hruni:

Hefur Íslenskt réttarkerfi staðist álagið? 28

Aðsent efni

Borgar Þór Einarsson:

Hæpin túlkun héraðsdóms á skyldum lögmannna 30

Á léttum nótum

Marteinn Másson:

Morinsheiði, Kattahryggir, Heljarkambur og óhappatalan 13 20

Af Merði lögmanni 22

Golfsumarið 2013:

Sumarið sem fer í sögubækurnar 26

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:
Árni Helgason hdl.

RITNEFND:
Haukur Örn Birgisson hrl.,
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.,
Þyri Halla Steingrimsdóttir hrl. og
Ingvi Snær Einarsson hdl.

BLAÐAMADUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Jónas Þór Guðmundsson hrl., formaður.
Jóna Björk Helgadóttir hdl., varaformaður.
Karl Axelsson hrl., ritari.
Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl., gjaldkeri.
Guðrún Björg Birgisdóttir, hrl., meðstjórn-
andi.

STARFSMENN LMFÍ:
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Anna Lilja Hermannsdóttir lögfræðingur.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.
Dóra Berglind Torfadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:
Frá göngu félagsdeildar LMFÍ yfir
Fimmvörðuháls í sumar. Helgi
Jóhannesson hrl. og leiðsögumaður
gengur fremstur í flokki. Ljósmynd:
Ingimar Ingason.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRA:
arni@cato.is

PRENTVINNSLA:
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 533 4440
ISSN 1670-2689

Gagnaílát fyrir örugga eyðingu gagna

Við sækjum gögnin
þegar þér hentar

PDC

32 lítra

Tekur allt að 10 kg af pappír

S-76

76 lítra

Tekur allt að 30 kg af pappír

Mál: 70 (h) x 28 (b) x 51 (d)

E-120

120 lítra

Tekur allt að 55 kg af pappír

Mál: 93 (h) x 48 (b) x 56 (d)

E-240

240 lítra

Tekur allt að 120 kg af pappír

Mál: 107 (h) x 58 (b) x 74 (d)



GAGNAEYÐING

Örugg eyðing gagna yfir 20 ár

Bæjarflöt 4 / 112 Reykjavík / Sími: 568 9095

www.gagnaeyding.is



Fjölgun í lögmannastéttinni – góð eða slæm?

LÖGFRÆÐINGUM OG LÖGMÖNNUM á Íslandi hefur fjölgað hratt á undanförunum árum, raunar svo mjög að á Íslandi er nú orðið hærra hlutfall lögfræðinga á hvern íbúa en víðast hvar annars staðar.

Í niðurstöðum könnunar sem gerð var í lok september meðal lögmannna og birt er í þessu blaði kemur þetta skýrlega fram. Þar má sjá að lögmönnum hefur fjölgað um 31% á sex árum og hlutfall lögmannna undir fertugu er hærra en áður. Þetta er í samræmi við það að fjöldi lögmannna hefur tvöfaldast á síðustu 12-15 árum. Mikill meirihluti þeirra sem svara könnuninni telur þessa fjölgun hafa áhrif á stéttina en í athugasemdum með svörum settu svarendur fram ýmis konar sjónarmið um þessa þróun. Flestir sem tjáðu sig töldu þetta neikvæða þróun frekar en hitt, þótt það sé ekki einhlítt og ýmsir spyrji hvaða áhyggjur þurfi að hafa af fjölguninni.

Miklar breytingar á stuttum tíma

Breytingarnar á nokkrum árum eru gríðarlegar og þær hafa ýmsar afleiðingar. T.d. hafa verið rúmlega 60 lögfræðingar á atvinnuleysisráði að undanförunu, eitthvað sem hefði líklega verið óhugsandi þar til fyrir örfáum árum. Sama má segja um það sem víða heyrir, að tugir umsækjanda séu um hverja lausa stöðu, hvort sem er innan stjórnáslunnar, fyrirtækja eða á lögmannsstofum.

Ástæðan er einföld; laganám er ekki lengur bundið við eina lagadeild sem

útskrifar 30-40 lögfræðinga á ári til að ganga inn í þau störf sem í boði eru.

Þannig var fyrirkomulagið áratugum saman en með tilkomu nýrra lagadeilda hefur staðan gerbreyst á stuttum tíma til batnaðar, ekki síst fyrir lagadeild HÍ eins og fram kemur í viðtali við Róbert Spanó, fyrrverandi forseta lagadeildar HÍ, í þessu blaði. Þótt fáum þætti sjálfsagt spennandi að fara aftur til þess tíma þar sem einungis var hægt að læra lögfræði á einum stað hér á landi skal ósagt látið hvort nauðsynlegt sé að halda úti starfsemi fjögurra lagadeilda til að viðhalda eðlilegri samkeppni í laganámi. En gamla ástandið kemur ekki aftur. Þótt lagadeildir kunni að sameinast síðar meir og einhver fækkun verði verða fleiri en 30-40 lögfræðingar útskrifaðir árlega.

Eru allir í laganámi meðvitaðir um hvað bíður?

Þetta er í sjálfu sér ekki neikvætt, nema ef til vill fyrir þá sem fara í gegnum fimm ára háskólanám og fá svo ekki vinnu við hæfi og mikilvægt að þeir sem skrái sig í námið geri sér grein fyrir því að laganám er ekki lengur „embættismannaskóli“ með tryggri vinnu það sem eftir er. Því má svo velta upp hvort allir þeir sem nú eru í námi séu meðvitaðir um hve harðnandi samkeppnin sé.

Viðbrögð geta verið misráðin

Ýmsar hugmyndir hafa þó heyrst um hvernig eigi að bregðast við þessari þróun, t.d. með því að minnka framboð á laganámi eða setja stífari inntökuskilyrði

í laganám. Það verður þó að setja í samhengi við markmiðið – verða nemendur á endanum betri lögmenntur á að taka inntökupróf í lagadeild sem reynir á almenna þekkingu nemenda? Það er ekki hægt að ákvarða fyrirfram hve margir lögmenntur eða lögfræðingar eigi að vera hér á landi sé eða hvaða nám eigi að vera í boði hvar. Þá ákvörðun hlýtur fólk á endanum að fá að taka sjálft.

Aðrir nefna að setja verði þrengri skilyrði fyrir því að veitt séu lögmannsréttindi, s.s. að áskilja tiltekinn tíma í vinnu áður. Slíkar aðgerðir myndu þó í reynd litlu breyta, annað en að lengja þann tíma þar til hver og einn getur farið að starfa sem lögmaður. Því má svo velta fyrir sér hversu æskileg slík „skylduvinna“ væri og sjálfsagt margir sem þyrftu að bjóða starfskrafta sína ódýrt til þess að geta klárað þennan tilskilda tíma.

Því er stundum haldið á lofti að fjölgun í stéttinni meðal yngri lögmannna sé á kostnað gæðanna. Þótt óumdeilt sé að reynsla og þroski séu kostir í fari lögmannna er ekkert sem bendir til þess, t.d. í málum fyrir úrskurðarnefnd lögmannna, að mistök eða vanræksla hjá yngri lögmönnum séu algengari en áður. Og aukin skilyrði fyrir því að fá lögmannsréttindi eru ekki til þess fallin að búa til betri lögmenntur. Þar skipta aðrir þættir máli og staðreyndin er sú að sá sem hefur ekkert til brunns að bera, fær á endanum lítið sem ekkert að gera. Aðalatriðið er að laganámið sé gott og að þeir sem hyggi á laganám geri sér grein fyrir því hvað farið er út í.



Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Iceland
5 400 300
5 400 301

42 New Broad Street
London EC2M 1 JD
England
+44 (0) 207 920 3020
+44 (0) 207 920 3099

logos@logos.is
www.logos.is

LOGOS

LÖGMANNSÞJÓNUSTA
SÍÐAN 1907

Hin unga lögmennastétt

Einyrkjum í lögmennastétt fækkar og fleiri lögmenn starfa nú á stærri lögmennsstofum auk þess sem fulltrúum fjölgar. Tæplega helmingur innanhússlögmanna starfar hjá fjármálastofnunum og fleiri karlar eru framkvæmdastjórar eða forstöðumenn en konur. Konur hjá fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum vinna lengri vinnutíma en konur á lögmennsstofum og helmingur lögmanna eru undir fertugu.

ÞETTA ERU M.A. niðurstöður könnunar sem Lögmannablaðið gerði um miðjan september s.l. meðal félaga Lögmannafélags Íslands. Alls 932 lögmenn fengu könnunina senda með rafrænum hætti og var svarhlutfallið 57%.¹ Könnun Lögmannablaðsins er hliðstæð könnun sem gerð var árið 2007 en þess má geta að þá fengu 641 lögmaður hana senda og svarhlutfallið þá var 64%.² Hlutfallslega fleiri sjálfstætt starfandi lögmenn svöruðu könnuninni, eða 70%, en samkvæmt félagatali Lögmannafélagsins eru 66% lögmanna á stofum sjálfstætt starfandi. Í félagatali eru 34% félagsmanna fulltrúar lögmanna en 30% svarenda í könnun. Þess má svo geta að konur eru 31%

lögmanna samkvæmt félagatali en eru 35% svarenda í könnuninni. Lesendur eru því beðnir um að hafa í huga við lestur niðurstaðna könnunarinnar að um litla skekkju gæti verið að ræða. Þess má svo geta að tryggt var að svörin væru órekanleg.

Helmingur lögmanna undir fertugu


Á undanförunum sex árum hefur lögmönnum fjölgað um 31%. Af þeim sem svöruðu könnuninni eru 32% með innan við fimm ára starfsreynslu á mótí 26% árið 2007. Alls 77% svarenda eru undir fimmtugu, þar af eru 48% lögmanna á aldrinum 25-39 ára og 29%

á aldrinum 40-49 ára. Félagsmenn 50-59 ára eru 15% og 8% eru 60 ára eða eldri. Af þeim sem tóku þátt í könnuninni voru 42% kvenna undir fertugu og 58% karla. Á aldursbilinu 40-49 ára voru konur 32% og karlar 68%, á aldursbilinu 50-59 ára voru konur 28% og karlar 72%. Einungis 4% kvenna voru yfir sextugu og 96% karla. 62% kvenna sem tóku þátt í könnuninni voru undir fertugu á mótí helmingi kvenna árið 2007. 43% karla í könnuninni var undir fertugu á mótí þriðjungu karla árið 2007.

Einyrkjar á undanhaldi



Alls var könnunin send á 666 lögmenn á lögmennsstofum og fengust svör frá 381 þeirra eða 57%. Fleiri sjálfstætt starfandi lögmenn svöruðu könnuninni en fulltrúar. Samkvæmt könnuninni eru einungis 11% lögmanna á lögmennsstofum einyrkjar en árið 2007 voru þeir 20% og greinileg merki eru um að lögmönnum fjölgar á stærri stofunum.

Greinilegt er að fleiri lögmenn starfa nú á stærri lögmennsstofum en áður. Af 290 lögmönnum sem starfa á lögmennsstofum þar sem rekstrarfyrirkomulagið er sameiginlegur rekstur eða sameiginlegt skrifstofuhald (regnhlíf) eru 216 á stofum með fimm eða fleiri lögmönnum, eða 57% í stað 42% árið 2007. 29% lögmanna eru á lögmennsstofum með tíu eða fleiri lögmönnum í stað 23% árið 2007 og



¹ Félagafjöldi LMFÍ er kominn yfir 1000 en könnunin var ekki send á þá lögmenn sem eru með réttindi sín virk en eru hættir störfum.

² Lögmannablaðið 1/2007 (lögmenn á lögmennsstofum) og 3/2007 (innanhússlögmenn).



19% starfa á litlum lögmannsstofum með tveimur til fjórum lögmönnum í stað 22% árið 2007.

Sjálfstætt starfandi lögmönnum fækkar

Sjálfstætt starfandi lögmönnum hefur fækkað síðustu ár og eru nú 70% á móti 80% árið 2007. Sem fyrr virðast fulltrúar stefna að því að verða sjálfstætt starfandi lögmenn en einungis 10% þeirra eru yfir 50 ára og aðeins 11% eru með yfir tíu ára starfsreynslu. Af þeim sem eru með innan við fimm ára starfsreynslu eru 41% sjálfstætt starfandi lögmenn og 30% þeirra eru á aldrinum 25-39 ára.

Fleiri karlar framkvæmdastjórar eða forstöðumenn

Alls var könnunin send á 266 innanhússlögmenn og fengust svör frá

151 þeirra, eða 57%. Af innanhússlögmönnum starfa 45% hjá fjármálafyrirtækjum og 26% hjá ríki eða sveitarfélögum. 21% innanhússlögmanna starfa sem framkvæmdastjórar eða forstöðumenn, 24% sem deildarstjórar eða yfirlögfræðingar og 54% sem lögmenn og/eða sérfræðingar. Fjórðungur karla eru framkvæmdastjórar eða forstöðumenn á móti 14% kvenna. Þá starfa 63% kvenna sem eru innanhússlögmenn sem lögmenn og/eða sérfræðingar hjá fyrirtækjum, félagsamtökum og stofnunum á móti 47% karla.

Vinnutími lögmanna stendur í stað

Alls vinna 55% lögmanna 40-50 klst. á viku og helmingi fleiri karlar vinna meira en 50 klst. á viku en konur, eða 32% á móti 16% kvenna. Þetta er sama hlutfall og í könnuninni frá árinu 2007.

Athyglisvert er að 78% kvenna, sem eru innanhússlögmenn, vinna 40-50 klst. á viku á meðan 54% kvenna á lögmannsstofum vinna svo lengi. Rúmlega helmingur kvenna vinnur 40-50 klst. á viku og fjórðungur vinnur 30-40 klst. á viku.

Afkoma lögmanna á lögmannsstofum

Rúmlega helmingur lögmanna á lögmannsstofum segir afkomu sína það sem af er árinu 2013 vera svipaða og á síðasta ári á meðan fjórðungur hefur betri afkomu og 11% síðri. Mun fleiri konur eru með hærri laun í ár, eða 33% á móti 21% karla. Þá er helmingur sjálfstætt starfandi lögmanna sáttur við afkomu sína (þ.m.t. laun, bónusar og arður) á móti 39% fulltrúa.


Á meðan 46% lögmanna eru sáttir við afkomu sína voru 27% ósáttir og var ekki munur á milli kynja. Þeir sem voru ósáttir við afkomu sína voru beðnir um að svara af hverju og meðal skýringa voru of lág laun, erfiðleikar með innheimtu reikninga, ónóg verkefni og verjendastörf lágt launuð. Einstaka lögmaður nefndi einnig að tengsl réðu miklu um hverjir fengu stór verkefni og þrotabú.

Afkoma innanhússlögmanna

Rúmlega helmingur innanhússlögmanna segir laun sín það sem af er árinu 2013 vera svipuð og á síðasta ári, 41% hefur hærri laun og 3% lægri laun. Fleiri karlar hafa hærri laun en á árinu 2012, eða 57% á móti 43% kvenna. Á meðan 60% innanhússlögmanna eru sáttir við afkomu sína voru 32% ósáttir.

Fjölgun lögmanna

Mikill meirihluti lögmanna taldi fjölgun lögmanna undanfarið hafa mikil áhrif á stéttina. Í athugasemdum kom fram að farið væri að bera á atvinnuleysi meðal ungra lögmanna og skrifaði einn þátttakandi könnunarinnar að hann fengi atvinnuumsóknir vikulega, jafnvel daglega, svo það jaðraði við örvæntingu hjá umsækjendum. Annar



Þátttakandi taldi of marga óreynda lögmenn fara beint í að stunda lögmannsstörf á meðan sá þriðji taldi fjölgun og aukna samkeppni vera til góðs sem lögmenn ættu ekki að óttast. Fjórðungur lögmanna á lögmannsstofum og 18% innanhússlögmanna taldi fjölgun lögmanna hafa óveruleg áhrif á stéttina.

Framhaldsnám

Af sjálfstætt starfandi lögmönnum

hafa 37% stundað framhaldsnám eftir embættispróf í lögum en einungis 14% fulltrúa. 28% innanhússlögmanna hafa stundað framhaldsnám eftir fullnaðarpróf í lögum og hafa flestir lokið LL.M námi.

Ánægja með störf stjórnar og skrifstofu

Spurt var út í afstöðu félagsmanna til stjórnar LMFÍ og skrifstofu félagsins og var almenn ánægja með hvoru tveggja.

Talsvert hátt hlutfall svaraði þessum spurningum með „hvorki/né“ (52,8% varðandi stjórn og 37,4% varðandi skrifstofu) og má sjálfsagt túlka það þannig að margir hafi ekki myndað sér skoðun á félaginu. Þegar horft er til þeirra sem tóku afstöðu í aðra hvora áttina sögðust 82,1% vera ánægð eða mjög ánægð með störf stjórnar LMFÍ og 98,2% ánægð eða mjög ánægð með skrifstofu félagsins. Ef hvorki/né svörin eru talin með er hlutfall þeirra sem eru ánægðir og mjög ánægðir með stjórn LMFÍ 38,7% og 61,4% varðandi skrifstofuna. Hafa ber í huga hvað þetta atriði varðar að stjórn LMFÍ breytist reglulega, m.a. komu inn nýir stjórnarmenn fyrr á árinu og ljóst er af athugasemdum sem fylgdu með svörum við þessum lið að í ýmsum tilfellum tóku svörin mið af frammistöðu fyrri formanns og stjórnar. Þá nefndu nokkrir að sýnileiki starfsins mætti vera meiri.

Eyrún Ingadóttir

Ályktun frá stjórn LMFÍ:

Trúnaðarsamband lögmanns og skjólstæðings grundvallarregla

Í JÚNÍ SL. sendi stjórn LMFÍ frá sér ályktun þar sem hún lýsti sig ósammála niðurstöðu Hæstaréttar í kærumáli 362/2013 og taldi hana vera mistök sem yrðu vonandi leiðrétt hið fyrsta.

Í málinu féllst Hæstiréttur á að ákærvaldinu væri heimilt að leggja fram í dómsmáli endurrit af hlerudum símtölum sakbornings við tvo lögmenn á grundvelli þess að hvorugur þeirra hefði verið verjandi ákærða í skilningi sakamála nr. 88/2008.

Stjórn félagsins taldi niðurstöðu Hæstaréttar hvorki samrýmast 1. mgr. 85. gr., sbr. 2. mgr. 119. gr. sakamálalaga, 22. gr. lögmannalaga nr. 77/1998, 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, né 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. og 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmálans þegar sakaðir menn eiga í hlut, eins og ákvæði sáttmálans hafa verið túlkuð í dómaframkvæmd mannréttindadómstóls Evrópu, en hann var lögfestur hér

á landi með lögum nr. 62/1994. Trúnaðarsamband lögmanns og skjólstæðings væri grundvallarregla og nyti afar ríkrar verndar í sérhverju réttarríki.

Þá lýsti stjórn félagsins vonbrigðum með að ákvörðun um inntak svo mikilsverðrar grundvallarreglu skyldi tekin af þremur hæstaréttardómurum en ekki fimm.

Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar
Dóm-, skýrslutöku- og
ráðstefnutúlkun

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Skipholti 50b 105 Reykjavík

sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551

GSM: 897-2717

netfang: ellening@simnet.is



LEGAL

LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA SÍÐAN 1960

HAFNARGÖTU 51-55
230 REYKJANESBÆ

SÍMI 420 4040 FAX 420 4049
WWW.LSLEGAL.IS

Ásbjörn Jónsson hrl.
Unnar Steinn Bjarndal hdl.
Jón Eysteinnsson hrl.
Garðar K. Vilhjálmsson hdl.
Ásta B. Eiríksdóttir hdl.
Snorri Snorrason hdl.
Theodór Kjartansson lögr.

LÖGGARÐUR EHF.
Stofnað 1985

BBA

Lögmenn Bankastræti slf. - LMB
Bárugötu 4 • 101 Reykjavík
ICELAND

Bonafide
LÖGMENN

Helga 
lögmenn

K · R · S · T
LÖGMENN

LIT ehf.
Ingi Tryggvason hdl.

NORDIK
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA


pwc

JÓNATANSSON & CO
LOGFRÆDISTOFA
Kringlan 4-6, 8 hæð
103 Reykjavík
Sími (+354) 533 34 34
Fax (+354) 533 24 34
jonatansson@jonatansson.is
www.jonatansson.is

Litla  prent
Stórt verk lítið mál

FORTIS
Lögmannsstofa



Birting dóma á netinu:

Sjálfsgöð upplýsingagjöf eða brot á persónuvernd?

UNDANFARIÐ HEFUR VERIÐ talsverð umræða um birtingu dóma og úrskurða á heimasíðu dómstólanna í kjölfar þess að dómstólaráð setti nýjar reglur um birtingu þeirra¹. Samkvæmt nýju reglum verður nafnleynd viðhöfð í dómum sem birtast á netinu í mun ríkari mæli heldur en áður hefur verið og færri dómur munu birtast. Reglurnar eru umdeildar bæði innan og utan dómstóla

en gildistöku þeirra var frestað um fjóra mánuði, til ársbyrjunar 2014.

Engin skylda til birtingar úrlausna

Héraðsdómstólunum er lögum samkvæmt ekki skylt að birta úrlausnir sínar opinberlega en þeim er það þó heimilt með vissum takmörkunum sbr. inntak

16. gr. laga nr. 88/2008. Byrjað var að birta dómsúrlausnir héraðsdómstólanna á heimasíðu dómstólaráðs árið 2006 og var þá megintilgangur birtingarinnar „... að gefa hinum almenna borgara kost á að kynna sér milliliðalaust dómsniðurstöður í hinum ýmsu málum, en þurfa ekki að treysta á fjölmiðlaumfjöllun, frekar en þeir sjálfir kjósa,“ eins og segir í fréttatilkynningu dómstólaráðs frá árinu 2007². Síðan þá hafa skoðanir héraðsdómara um birtingarnar verið skiptar þó svo flestir telji nú að þar sem dómsúrlausnir hafi verið birtar um nokkurra ára skeið, sé ótækt að hverfa alfarið frá þeirri tilhögun.

Í 16. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, er dómara skylt gegn greiðslu gjalds að láta þeim sem óska í té staðfest endurrit úr dómabók og af úrskurðum og ákvörðunum sem færðar hafa verið í þingbók. Áður en endurrit eru afhent skuli afmá úr þeim þau atriði sem eðlilegt er að fari leynt m.t.t. almanna- eða einkahagsmuna. Hið sama eigi við ef dómur eða aðrar úrlausnir eru birtar opinberlega, svo sem á vefsíðum.“

¹ „Reglur um birtingu dóma og úrskurða á heimasíðu héraðsdómstólanna.“ Tilkynning dómstólaráðs nr. 1/2013.

² Heimasíða dómstólanna: <http://www.domstolar.is/greinar/nr/271/> Prentað út 23. september 2013.

4. gr.

Nafnleynd

Við birtingu dóms í sakamáli skal gæta nafnleyndar um aðra en ákærða. Ef ákærði er sýknaður, birting á nafni hans getur talist andstæð hagsmunum brotþola eða um er að ræða úrskurð sem gengur undir rekstri máls (frávisun máls) skal nafnleyndar einnig gætt um ákærða. Hið sama á við hafi ákærði ekki verið orðinn 18 ára er hann framdi brot sem hann er sakfelldur fyrir. Nafnbirtingu má aflétta samkvæmt beiðni þegar eitt ár er liðið frá birtingu dóms.

Við birtingu dóma og úrskurða í einkamálum skal nafnleyndar gætt um aðila og vitni. Frá þessu getur dómstjóri ákveðið að vikja ef sérstaklega stendur á að hans mati.

við birtingu dóms í einkamáli og hið sama á við um vitni í sakamáli. Þessi tilhögun endurspeglar viðhorf fjölmargra dómara og að því er einkamálin varðar er hún í samræmi við ákvæði 14. gr. einkamálalaga, en samkvæmt því er réttur til aðgangs að dómi í einkamáli bundinn við þá sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta,“ sagði Þorgeir Ingi og benti á að þótt aukin nafnleynd skapi meiri vinnu við birtinguna þá hafi samhliða verið gerðar breytingar sem eigi að minnka umfang þessa verks frá því sem áður var.

Voru önnur viðhorf þegar byrjað var að birta dóma á heimasíðu dómstólanna árið 2006?

„Nú þekki ég ekki forsöguna en ég geri ráð fyrir því að horft hafi verið til birtingar dóma á heimasíðu Hæstaréttar en rétturinn hefur birt dóma sína þar allt frá árinu 1999. Það eru margir sem setja spurningarmerki við þá tilhögun á birtingu dómsúrlausna héraðsdómstólanna sem fylgt hefur verið á undanförunum árum og mun verða fylgt til áramóta. Það sjónarmið hefur t.d. heyrst að nafnbirting geti jafnvel staðið í vegi fyrir því að menn leiti réttar síns fyrir dómstólum.“

Nú eru skiptar skoðanir um birtingu dóma á netinu meðal dómara sjálfra og gildistöku reglnanna m.a. verið frestað til 1. janúar 2014. Eru líkur á því að reglunum verði breytt á ný?

„Frestun á gildistöku reglnanna kemur eingöngu til af því að tryggja þarf að stærsti héraðsdómstóll landsins sé í stakk búinn að vinna eftir þeim. Þegar

Tilkynning dómstólaráðs nr. 1/2013.

Nafnleynd við birtingu dóma

Nýju reglurnar gera ráð fyrir að framvegis verði samræmd birting dómsúrlausna netinu og á ábyrgð skrifstofu hvers héraðsdómstóls fyrir sig. Dómar skuli að jafnaði birtir innan tveggja daga frá uppkvaðningu en í undantekningartilvikum fyrr ef um sérstaklega fréttæm mál er að ræða. Hætt verður að láta reifun á efnisatriðum dóms fylgja með þar sem hún hefði leitt til tafa á birtingu dóma, enda er „... talið að hún þjóni ekki miklum tilgangi,“ eins og segir í athugasemdum með reglunum. Þá er mælt fyrir um að ekki skuli birta dóma sem m.a. flokkist undir barnaverndarlög og fleira nema sérstaklega standi á að mati dómstjóra.

Ein viðamesta breytingin í hinum nýju reglum felst í því að gæta á nafnleyndar við birtingu dóma um aðra en ákærða nema í undantekningartilvikum (t.d. ef ákærði er sýknaður, birting á nafni telst andstæð hagsmunum brotþola, ákærði er undir 18 ára aldri ofl.) Ennfremur skuli gæta nafnleyndar við birtingu dóma og úrskurða um aðila og vitni í einkamálum nema sérstaklega stendur á og afmá skal úr úrskurðum og dómum atriði sem eðlilegt er að fari leynt m.t.t. almanna- og einkahagsmuna.

Samræma þurfti framkvæmd

Þorgeir Ingi Njálsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness, fór fyrir nefnd dómstólaráðs um hinar nýju reglur. Hann segir að það hafi verið orðið aðkallandi að endurskoða eldri reglur

Í 14. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991 er dómara gert skylt gegn greiðslu gjalds að láta þeim sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta í té staðfest eftirrit af máls skjölum og úr þingbók eða dómabók. Áður en endurrit úr þingbókum og dómabókum eru afhent öðrum en aðilum máls skal ef sérstök ástæða er til afmá úr þeim atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna.

um vefbirtingu dóma, þ.e. opinbera birtingu þeirra á vegum héraðsdómstólanna, og að ýmislegt hafi komið þar til. Þannig hafi verið þörf á að tryggja að samræmis væri betur gætt við birtinguna og í því skyni ákveðið að skrifstofa hvers héraðsdómstóls myndi eftirleidis annast hana og bera ábyrgð á henni, en samkvæmt eldri reglum var þetta í höndum dómara sjálfra: „Þá taka nýju reglurnar betur mið af persónuverndarsjónarmiðum en þær eldri en það komi meðal annars fram í því að nafnleyndar skal nú gætt



VILHJÁLMUR HANS VILHJÁLMSON HRL.:

Í flestum málum er birting dóma á heimasíðum dómstólanna í lagi en ekki alltaf og ég tel að það eigi að vera rýmri heimild til að birta ekki nöfn. Oft er verið að ákæra fólk fyrir smábrot og nafnbirting er mun harðari refsing en sjálfur dómurinn. Síðan er ámælisvert hvað gilda rúmar reglur um myndatökur í og við dómhús á Íslandi. Á Norðurlöndum er þetta ekki heimilt.



JÓHANNES ALBERT SÆVARSSON HRL.

Ég er hlynntur því að birta dóma á netinu. Frjálst aðgengi að uppkveðnum dómum eykur réttarvitund almennings og er mikilvægt hjálpartæki í störfum lögmanna. Það auðveldar leit lögmanna að fordæmum sem kunna að gagnast þeim við upplýsta ráðgjöf, svo sem um hvort rétt þyki að láta reyna á tiltekinn ágreining fyrir dómstólum. Hins vegar þarf að gæta að persónuvernd dómþola, án þess þó að skerða aðgang.

unnið var að samningu reglnanna var haft samráð við starfsmenn héraðsdómstólanna og menn hafa ekki talað um að þörf sé á að breyta þeim. Ég útiloka þó ekkert í þeim efnum, vel má vera að fram komi góð og gild rök sem kalli á breytingar,“ sagði Þorgeir Ingi að lokum.

Göngum lengra en önnur Norðurlönd

Ólöf Finnsdóttir, framkvæmdastjóri dómstólaráðs segir birtingu dóma á heimasíðu héraðsdómstólanna fela í sér mikið hagræði fyrir fjölmiðla og lögmenn og er mikilvæg í því skyni að koma upplýsingum á framfæri til almennings: „Við birtingu dóma á netinu vegast hins vegar á sjónarmið um upplýsingaskyldu og aðgengi að dómstólum annars vegar og persónuverndarsjónarmið hins vegar, bæði hvað varðar aðila máls og vitni. Í ljósi þessa er ekki sjálfgefið að allir dómur séu birtir óbreyttir á heimasíðu dómstólanna, þ.e. með nöfnum aðila og vitna og öðrum persónurekjanlegum upplýsingum. Jafnvægis þarf að leita

þannig að réttur til upplýsinga gangi ekki á persónuverndarsjónarmið og öfugt. Ef of langt er gengið við upplýsingagjöf kann slíkt í einhverjum tilfellum að koma í veg fyrir t.d. að einstaklingar leiti réttar síns fyrir dómstólum,“ sagði Ólöf.

Hvernig er birtingu dóma á heimasíðum héraðsdómstólanna háttáð á hinum Norðurlöndunum?

„Þar eru dómur almennt ekki birtir í heild sinni á heimasíðum dómstóla á lægri dómstigum og höfum við gengið lengra í því sambandi en þau lönd sem við gjarnan berum okkur saman við. Á mótí kemur hafa fjölmiðlar greiðan aðgang að dómum í fullri lengd oft í gegnum sérstaka vefgátt. Til dæmis birta Danir ekki dóma opinberlega en útdráttur er birtur á heimasíðu dómstólanna og í algjörum undantekningartilfellum er dómur birtur í heild sinni án nafna. Fjölmiðlar í Danmörku hafa hins vegar beinan aðgang að dómum í 14 daga eftir birtingu þeirra. Fyrirkomulagið er ekki ósvipað hjá Norðmönnum. Hins vegar er rétt að hafa í huga að Danir og Norðmenn hafa öflugan vefi

„Karnov“ og „Lovdata“ sem eru í raun upplýsingaveitur um réttarkerfið þar sem m.a. má finna uppkveðna dóma í undirrétti og hæstarétti.“

Margvíslegir hagsmunir við birtingu dóma

Að sögn Harðar Helga Helgasonar, setts forstjóra Persónuverndar, hefur stofnuninni í gegnum tíðina borist ábendingar og kvartanir yfir nafnabirtingum dóma á netinu auk þess sem hún hefur skoðað birtinguna að eigin frumkvæði: „Fyrir nokkrum árum síðan áttum við samtál við dómstólana um birtingu dóma á netinu en vegna sjálfstæðis þeirra höfum við ekki tekið beina afstöðu til hennar. Dómstólaráði er með lögum ætlað að setja reglur um birtingu dóma í sakamálum á netinu og Hæstarétti er falið að taka sjálfur ákvörðun um tilhögun útgáfu sinna dóma. Það vegast á margvíslegir hagsmunir við birtingu dóma, hagsmunir fórnarlamba jafnt sem sakborninga í sakamálum. Friðhelgi nær til einkalífs okkar allra en á mótí vega sjónarmið um gagnsæi og fyrirsjáanleika við beitingu refsíkvæða annars vegar og um forvarnargildi dóma hins vegar. Spurningin er hvenær nafnabirting í dómum þjóni þessum tilgangi.“

Hörður Helgi sagði jafnframt að vinnsla persónuupplýsinga væri ekki heimil skv. lögum um persónuvernd nema að því marki sem fyrir henni væri lögmætur, skýr og yfirlýstur tilgangur,

RÉTTLÆTI RÉTTARRÍKISINS?

Lögmaður sendi dómstólum bréf vegna skjólstæðings sem taldi birtingu á nafni og kennitölu í dómum vera honum afar íþyngjandi og til trafala í lífinu. Skjólstæðingurinn taldi sig hafa misst af starfstækifæri þar sem væntanlegur vinnuveitandi hafði fengið pata af birtum dómum á netinu. Þannig var hann að gjalda gamalla brota mörgum árum eftir að hafa tekið út sína refsingu. Skjólstæðingurinn

taldi að reglur um birtingu persónugreinanlegra upplýsinga í dómum mismunuðu dæmdum brotamönnum innbyrðis. Þannig gætu þeir sem framið hefðu mun alvarlegri glæpi, t.a.m. kynferðisbrot, sloppið við nafnabirtingu af tillitsemi við þolendur brota, þ.e. í þeim tilvikum þegar unnt er að persónugreina þolanda af nafni gerandans. Viðkomandi dómstóll hafnaði beiðni um að afmá nafn og

kennitölu dómfellda, jafnvel þótt langt væri liðið frá uppkveðningu dómsins. Ástæðan var sú að í tilkynningu dómstólaráðs nr. 4/2010 væri hvergi að finna heimild til afmá nafn og kennitölu dómfellda. Þess má geta að nýju reglurnar kveða á um að aflétta megi nafnabirtingu þegar ár er liðið frá birtingu dóms.

**ÞÓRUNN GUÐMUNDSDÓTTIR HRL.**

Ég tel sjálfsgagt að birta alla dóma á netinu. Það er sjálfsgöð upplýsingagjöf og það er nauðsynlegt fyrir okkur lögfræðinga að fylgjast með nýjum dómum. Mér finnst hins vegar algjör óþarfi að birta nöfn aðila – það hefur ekkert lögfræðilegt gildi.

en birtingu dóma sé fengin sérstök lagastoð í réttarfarslögum, sbr. 16. gr. sakamála laga og 14. gr. einkamála laga.

Birtingarmynd réttlætisins

Rök fyrir birtingu dóma á netinu varða sýnileika réttarkerfisins, að almenningur geti metið það hvort refsing teljist hæfileg fyrir tiltekinn verknað. Sumir viðmælenda *Lögmannaþingsins* telja að sé ekki hægt að lesa það úr dómum, rofni tengslin við réttláta niðurstöðu dóms. Birtingarmynd réttlætisins hverfi þegar almenningur getur ekki lengur lagt mat niðurstöðu dómara því það sé mikilvægt í réttarríki að sjá réttlætinu fullnægt. Þá sagði Hjálmar Jónsson, formaður Bláðamannafélags Íslands, í umfjöllun RÚV 9. september síðastliðinn að félagið legðist alfarið gegn nýju reglunum því þær legðu stein í götu upplýsingamiðlunar.

Sumir telja að með því að afmá nöfn hlífi dómstólar brotamönnum og veiti þeim skjól. Einn þeirra sem hafa tjáð sig á samfélagsmiðlunum er Jónas Kristjánsson, fyrrverandi ritstjóri. Í grein sem hann ritaði á bloggsíðu sína www.jonas.is 6. september síðastliðinn telur hann að dómsúrskurðir séu smám saman að verða einkamál dómara og dæmdra. Verið sé að stefna að niðurskurði gegnsæis hjá „ljósfælnum eigendum valdsins“ eins og hann orðar það; „Dómarar vilja vera í friði með sín mál og virðast komast upp með það,“ skrifar hann.³

Sér ekki tilgang með nafnleynd

Ingimundur Einarsson dómstjóri segir

Héraðsdóm Reykjavíkur hvorki hafa fjármagn né mannafla til að afmá nöfn í dómum. „Eins og staðan er í dag tel ég að ekki sé hægt að bæta fleiri verkefnum á starfsfólk dómsins, en augljóst er að verkefni sem þetta felur í sér aukið álag á starfsfólk. Við höfum heldur ekki yfir að ráða hugbúnaði sem gæti leyst þetta verkefni svo öruggt sé.“

Ingimundur hefur ennfremur miklar efasemdir um nýju reglurnar: „Ég hef sérstaklega bent á að það skjóti skökku við að hafa nafnleynd í einkamálum þar sem reglan er sú að þinghöld í þeim málum eru nánast undantekningalaust öllum opin. Ég sé heldur ekki tilganginn með slíkri nafnleynd þar sem Hæstiréttur viðhefur ekki þá aðferð sem ætlunin er að taka upp hjá héraðsdómstólunum. Sé máli áfrýjað eða það kært til Hæstaréttar má því að óbreyttu ætla að þar birtist þau nöfn sem starfsfólk héraðsdóms hafði mikið fyrir að afmá úr héraðsdómi. Jafnframt óttast ég að ekki verði sama gagn að birtum dómum og áður, þar sem erfitt kann að reynast að ráða í á hverju niðurstaða dómsins byggist. Raunar hef ég velt því mér hvort nýju reglurnar séu ekki skref í þá átt að hætta alveg birtingu dóma á netinu, og hvort ekki sé þá rétt að taka skrefið til fulls. En það er annað mál.“

Eins og nauðsyn ber í lýðræðisríki ... segir Hæstiréttur

Sérstakar reglur gilda um útgáfu hæstaréttardóma sem samþykktar voru í desember 2002. Raunar segir á heimasíðu Hæstaréttar að dómur séu birtir án endurgjalds í þeim tilgangi „... að

þeir geti verið aðgengilegir lögmönnum og almenningi, eins og nauðsyn ber til í lýðræðisríki.“⁴ Að sögn Þorsteins A. Jónssonar skrifstofustjóra Hæstaréttar hefur engin umræða átt sér stað meðal hæstaréttardómara um breytingar á birtingu dóma. Hæstiréttur hefur birt dóma á heimasíðu sinni frá ársbyrjun 1999 ásamt héraðsdómum sem hafa verið til endurskoðunar. Í fyrrnefndum reglum er kveðið á um að í opinberum málum skuli nafnleyndar gætt um aðra en ákærða en ef ákærði er sýknaður í máli, eða birting á nafni hans getur talist andstað hagsmunum brotþola, skal nafnleyndar einnig gætt um hann. Jafnframt er nafnleyndar gætt í einkamálum sem fjalla um viðkvæm persónuleg málefni, s.s. forsjá barna eða um aðra hagsmuni þeirra, um lögræðissviptingu og nauðungarvistun, um erfðir, slit hjúskapar og óvígðrar sambúðar, og í málum þar sem fjallað er um viðkvæmar heilsufarsupplýsingar. Svo getur forseti Hæstaréttar að öðru leyti ákveðið nafnleynd í einstökum málum ef sérstakar ástæður mæla með því.⁵

Að næra dómstól götunnar

Ekki eru allir á einu máli um hvað gera skuli varðandi birtingu dóma á netinu og vegast þar á persónuverndarsjónarmið annars vegar og sýnileiki réttarkerfisins hins vegar. Ljóst er að ef takmarka á aðgengi að dómum héraðsdómstóla á netinu, eða hætta birtingu þeirra, þurfa dómara, lögmenn, aðrir þeir sem starfa í réttarkerfinu og fjölmiðlar að hafa aðgang að gagnagrunni þar sem hægt er að nálgast þá. Það er vissulega ekki hlutverk dómstólanna að næra „dómstól götunnar“, eins og einn viðmælenda *Lögmannaþingsins* orðaði það, og velta má fyrir sér hvort vandamálið felist í því að of auðvelt aðgengi sé að dómum og úrlausnum dómstóla á netinu. Kannski er auðveldast að vera ekki að finna upp hjólið og horfa til nágrannalanda okkar.

Eyrún Ingadóttir.

³ <http://www.jonas.is/page/3/>. Prentað út 27. september 2013.

⁴ <http://www.haestirettur.is/baeklingur/blad15>. Prentað út 27. september 2013.

⁵ „Reglur um útgáfu Hæstaréttardóma“ frá 17. desember 2002.



Faglegur draumur sem rætist

RÓBERT R. SPANÓ VAR KJÖRINN DÓMARI VIÐ MANNRÉTTINDA-DÓMSTÓL EVRÓPU ÞANN 25. JÚNÍ SL. FRÁ 1. NÓVEMBER NK. TIL NÍU ÁRA. RÓBERT ER MEÐ YNGRI MÖNNUM SEM HEFUR TEKIÐ SÆTI Í MDE, AÐEINS 41 ÁRS GAMALL. SÍÐUSTU ÁR HEFUR HANN GEGNT ÝMSUM ÁBYRGÐARSTÖRFUM HÉR Á LANDI, VERIÐ PRÓFESSOR OG FORSETI LAGAEILDAR HÁSKÓLA ÍSLANDS, SETTUR UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS OG ÁÐUR AÐSTOÐARMAÐUR UMBOÐSMANNS, RITSTJÓRI TÍMARITS LÖGFRÆÐINGA, FORMAÐUR REFSIRÉTTARNEFNDAR, FORMAÐUR VISTHEIMILANEFNDAR OG FORMAÐUR RANNSÓKNARNEFNDAR KIRKJUPINGS. Í TILFNI AF ÞESSUM TÍMAMÓTUM TÓK LÖGMANNA-BLAÐIÐ VIÐTAL VIÐ RÓBERT.

Hvernig leggst nýja starfið í þig?

Dómarastarfið er mikið tækifæri fyrir mig og fjölskyldu mína og leggst vel í mig. Þetta er faglegur draumur sem rætist. Ég gerði þó ekki ráð fyrir að eiga raunhæfa möguleika á að sinna þessu starfi fyrir en hugsanlega síðar á lífsleiðinni. En þetta gerdist núna og þá er bara að standa sig.

Hvað ert þú með stóra fjölskyldu?

Ég er kvæntur Örnú Gná Gunnarsdóttur, kennara og myndlistarkonu. Við eigum saman fjögur börn, tvo stráka, 4 og 11 ára, og tvær stelpur, 15 og 17 ára. Eins og er hef ég minnstar áhyggjur af starfinu, tel mig vera sæmilega undirbúinn undir það. Ég hef meiri áhyggjur af því að fjölskyldunni líði vel við þessi tímamót.

Hefur þú lengi stefnt að dómarastarfi í Strassborg?

Svarið er í reynd nei enda enn tiltölulega ungur að árum. Fræðiskrif mín undanfarin áratug hafa mikið snúist um mannréttindi, einkum á sviði refsiréttar og sakamálaréttarfars, og það er stór hluti af þeim málum sem þarna eru tekin fyrir. Þá hef ég í störfum mínum, einkum hjá umboðsmanni Alþingis, fengist töluvert við úrlausn mála af þessu tagi. Ég lét því slag standa og sótti um.

Nú hefur þú gegnt ýmsum trúnaðarstörfum, hvert þeirra mun nýtast best sem undirbúningur undir dómarastarfið?

Starf mitt sem settur umboðsmaður Alþingis, og áður aðstoðarmaður fyrir dómarastarf við MDE, enda eru þau mál sem koma til kasta umboðsmanns að stórum hluta tengd mannréttindum borgaranna. Sögulega hefur embættið lagt á það áherslu að gæta að þeim

réttindum sem Mannréttindasáttmáli Evrópu veitir borgurum hér á landi, enda varð fyrsti umboðsmaðurinn, Gaukur Jörundsson, síðar dómari við MDE og hafði þar áður setið í Mannréttindanefnd Evrópu. Ég met það svo að praktísk reynsla mín af úrlausn mannréttindamála auk fræðiskrifa minna um áhrif MSE á íslenskan rétt hafi haft töluvert vægi í hæfnisferlinu að þessu sinni.

Mannréttindadómstóllinn er öryggisventill

Nú liggur mikill fjöldi mála fyrir dómstólnum, hvernig hefur þú tekist að rækja blutverk sitt?

Það eru um 113.000 mál sem bíða afgreiðslu en innan við eitt af hverjum tíu málum fær efnismeðferð, svo reikna má með að rúmlega 90% þeirra verði vísað frá. Eitt stærsta viðfangsefni dómstólsins næstu árin verður að halda trúverðugleika sínum og trausti með því að vinna á þessum málahlata. Innlendir dómstólar verða að taka á sig meiri ábyrgð í að veita mönnum þau réttindi sem sáttmálinn kveður á um. Mannréttindadómstóllinn er fyrst og fremst öryggisventill fyrir borgara aðildarríkjanna en á ekki að dæma um öll brot sem eiga sér stað í landsrétti. Þá verður dómstóllinn að auka samkvæmni og fyrirsjáanleika í dómaframkvæmd

sinni. Það verður verðugt viðfangsefni að takast á við það með kollegum mínum.

Telur þú að of mörg íslensk mál séu send til MDE?

Um 20 íslensk mál eru nú til meðferðar hjá dómstólnum. Ef maður horfir til annarra sambærilegra aðildarríkja þá held ég að í heildina verði að telja þann málafjölda innan eðlilegra marka, þótt mælikvarðar í þessum efnun séu vandmeðfarnir.

Tímabært að breyta laganámi

Nú hefur þú verið prófessor við lagadeild HÍ síðan árið 2006 en hófst stundakennslu árið 1997. Hvernig líkaði þér kennslan?

Það hefur verið mikil og góð lífsreynsla að fá að starfa við lagadeild HÍ og kynnast því öflugum og góða fólki sem þar hefur starfað með mér. Það er fátt skemmtilegra en að fást við fræðistörf og kennslu. Sem prófessor getur maður auk þess verið virkur þátttakandi í þjóðfélagsmæðunni. Það var jafnframt mikill heiður að vera treyst fyrir því af kollegum mínum að stýra deildinni um samtals rúmlega þriggja ára skeið. Ég lagði mig allan fram um að efla og styrkja deildina sem deildarforseti.

Hver er staða laganáms á Íslandi í dag?

Í mínum huga er það fyrirkomulag sem nú er á laganáminu mjög óheppilegt og nauðsynlegt að stokka það upp. Það gengur ekki að lítið land á borð við Ísland sé með fjórar starfandi lagadeildir sem telja sig geta boðið upp á fullburða laganám sem er meðal annars forsenda réttinda til að stunda lögmennsku og hljóta opinber embætti. Tilkoma lagadeildar Háskólans í Reykjavík var jákvæð fyrir íslenskt laganám á sínum tíma. Samkeppnin gaf starfsmönnum lagadeildar HÍ aukinn kraft. Ég er virkilega stoltur af starfi míns fólks undanfarin áratug eða svo. Útgáfa rita á vegum starfsmanna lagadeildar HÍ á

þessum tíma hefur verið afar mikil og raunar með miklum ólíkindum þegar grannt er skoðað. Þar standast aðrar lagadeildir ekki samanburð.

Mín skoðun er sú að til framtíðar eigi hér að starfa aðeins tvær lagadeildir, þ.e. lagadeild HÍ, ríkisháskólans, og lagadeild HR. BA námið á að reka á samkeppnisgrundvelli, en meistaranáminu á að breyta þannig að lagadeild HÍ fái að taka upp skólagjöld til að geta fjármagnað það með sambærilegum hætti og lagadeild HR. Það myndi gefa þessum deildum færi á að vinna saman í meistaranáminu, samþætta námskeið og nemendur gætu þá flakkað á milli deilda.

Eru of margir lögfræðingar á Íslandi?

Ég held að almennt séð sé gott fyrir lýðræðissamfélag að margir hafi lögfræðimenntun. Ef spurt er hvort nægilegt atvinnuframboð sé fyrir lögfræðinga þá held ég að það hafi sýnt sig á undanförunum misserum að framboð á hefðbundnum lögfræðistörfum sé að minnka. Ég er hræddur um að verði ekkert að gert, fyrirkomulagi laganáms ekki breytt og látið hjá líða að taka upp inntökupróf í lagadeild HÍ, eins og stefnt er að næsta sumar, sé framtíðin ekki allt of björt fyrir nýútskrifaða lögfræðinga. Ég vona að ég hafi rangt fyrir mér.

Réttarkerfið verður ekki rekið á núlli

Nú eru 5 ár frá efnahagsbruninu, hefur réttarkerfið staðist álagið?

Í öllum grundvallaratriðum hefur íslenskt réttarkerfi staðið sig vel. Ég er þó gagnrýninn á ýmsar dómúrlausnir. Það er bara eðlilegt. Það á hins vegar eftir að koma í ljós, sérstaklega í þessum dómsmálum sem nú eru til meðferðar og tengjast bankahrununu, hvernig þeim málum reiðir af. Ég vil lítið segja meira um það vegna þess að það er ekki útilokað að á úrlausnir dómstóla í slíkum málum reyni hjá þeirri stofnun sem ég er að fara starfa hjá.





Stendur íslenskt réttarkerfi traustum fótum?

Mín skoðun er sú að almennt sé staðan á íslensku réttarkerfi góð. Í grunninn erum við með stofnanir sem, miðað við stærð okkar, standa vel. Það er hins vegar ljóst að réttarkerfið er auðlind sem byggir í fyrsta lagi á sterkum mannauði og í öðru lagi á fjármagni. Réttarkerfið verður ekki rekið á núlli, það kostar peninga. Það er alveg ljóst að sumir angar þess eru fjárvana. Ég nefni í þessu sambandi starfsemi lögreglunnar og fangelsismálin. Ég nefni einnig embætti ríkissaksóknara sem nauðsynlegt er að styrkja svo það geti sinnt eftirlits- og samræmingarhlutverki sínu. Íslenskir dómarmar eru upp til hópa öflugir og góðir lögfræðingar sem reyna á hverjum einasta degi að gera sitt allra besta. Þótt réttarkerfið standi almennt traustum fótum þýðir það ekki að það séu ekki vandamál í því eins og í öðrum vestrænum réttarkerfum. Á hverjum tíma þarf að skoða réttarkerfið gagnrýnum augum. Það á að vera í sífelldri umræðu og endurskoðun. Réttarkerfið er til fyrir fólkið. Alveg eins og önnur mannleg kerfi þá verða þeir sem þar starfa að vera tilbúnir að taka gagnrýni og gera

betur ef í ljós kemur að mistök hafa verið gerð.

Nýverið birti Jón Steinar Gunnlaugsson fv. hæstaréttardómari ritgerð þar sem hann gagnrýndi Hæstarétt. Hvað finnst þér um hana?

Sumt af því sem Jón Steinar segir í sinni ritgerð er á rökum reist en um annað er ég honum ósammála, eins og gengur. Sú gagnrýni að Hæstiréttur starfi ekki nægjanlega sem eiginlegur hæstiréttur á rétt á sér. Um þetta skrifaði ég raunar ritstjórnargrein í *Tímarit lögfræðinga* þegar á árinu 2007. Málafjöldinn í Hæstarétti er of mikill og of mörg mál því dæmd af þremur dómurum. Þá hef ég líka verulegar áhyggjur af því að skortur á raunverulegri endurskoðun Hæstaréttar í sakamálum kunni að skerða mannréttindi saksborninga í einhverjum tilvikum. Einnig tel ég að gagnrýna megi ýmislegt er tengist hinu nýja ferli við mat á hæfni umsækjenda um dómaraembætti, en hér gefst ekki tími til að reifa þau atriði nánar. Um mín sjónarmið í þessu efni vísa ég til ritstjórnargreinar minnar í 1. hefti *Tímarits lögfræðinga* 2010.

Umræðan um millidómstig á Íslandi

hefur verið í gangi í fimm ár. Ég hefði talið eðlilegt að tillögur þær sem réttarfarsnefnd, Lögmannafélag Íslands og dómstólaráð hafa unnið að, eins og upplýst var í pistli formanns LMFÍ í síðasta tölublaði þessa tímarits, væru lagðar til grundvallar frumvarpssmið. Ég tel því afar óheppilegt að innanríkisráðherra hafi sett á laggirnar enn eina nefndina sem ætlað er að skoða þetta mál og þá á viðtækari grundvelli en áður hefur verið talið nauðsynlegt. Málið átti að halda áfram í þeim farvegi sem því hafði verið markaður. Réttarfarsnefnd er fastanefnd innanríkisráðuneytisins sem er beinlínis falið að veita ráðherra ráðgjöf á þessu sviði og útbúa lagafrumvörp til breytinga á löggjöf um dómstóla og á sviði réttarfars. Ég þekki störf slíkra nefnda vel enda hef ég stýrt starfi refsiréttarnefndar ráðuneytisins með hléum í um áratug. Réttarfarsnefnd hafði leitað samráðs við LMFÍ og dómstólaráð og mótað tillögur á grunni eldri hugmynda og tillagna. Ég hef því ekki heyrt sannfærandi rök fyrir þeirri ákvörðun að setja á laggirnar enn eina nefndina á þessu stigi málsins. Ég tek þó skýrt fram að ég ber fullt traust til þeirra einstaklinga sem eru í þessari nýju nefnd, um það snúast ekki mínar athugasemdir. Aðalatriðið er það að verið er að huga að mikilvægum breytingum á íslensku dómskerfi. Dómsvaldið er sjálfstæður handhafi ríkisvalds. Hið pólitíska framkvæmdavald verður því að fara mjög varlega, gæta að sjálfstæði dómsvaldsins og viðhafa gott samráð við þá sem þar starfa og hafa þekkingu á þessum málaflökki.

Lögmenn eru þjónar réttarríkisins

Á síðasta lagadegi var rætt um stöðu lögfræðinnar í íslensku samfélagi. Hverja telur þú hana vera?

Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir lögfræðinga að velta því fyrir sér hvernig þeir stóðu sig í aðdraganda bankahrunsins. Voru lögfræðingar að virða nægjanlega þau grundvallargildi sem lögfræðin byggir á? Var þetta faglega

siðferði sem er innbyggt í lögfræðina virt af hálfu þeirra sem störfuðu í atvinnulífinu, hjá stjórnvöldum og í fræðasamfélaginu? Ég tel það rétt hjá Tryggva Gunnarssyni umboðsmanni Alþingis að ásýnd lögfræðinnar hafi beðið hnekki. Við þurfum að koma almenningi í skilning um að lögfræðin sem fræðigreinin sé algjör grundvallarforsenda í lýðræðislegu samfélagi. Þar held ég að fagfélög lögfræðinga skipti verulegu máli. Við byggjum hér á ákveðnum leikreglum sem eru þess eðlis að án þeirra væri hér stjórnleysi. Við þurfum öfluga lögfræðinga til þess að geta fest hendur á inntak þessara reglna og aðstoða fólk sem á í ágreiningi.

Í lokin, er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri við lögmenn?

Lögmenn eru þjónar réttarríkisins. Þeim er falin hagsmunagæsla fyrir einstaklinga og fyrirtæki og eiga eins og kostur er að sinna hagsmunum sinna skjólstæðinga. Það breytir því ekki að þeir bera víðtækari skyldur og ábyrgð gagnvart samfélaginu og réttarkerfinu. Mikilvægt er að lögmenn missi ekki sjónar af þessu tvíþætta hlutverki sínu. Í öllum meginatriðum hefur mér sýnst að íslenskir lögmenn standi sig vel og eru margir hverjir mjög öflugir á sínu sviði. Það er mikilvægt að eldri lögmenn gefi yngri lögmönnum og fulltrúum nægilegan tíma í sínum störfum og miðli af þekkingu sinni þannig að þeir fái gott

faglegt uppeldi. Það er eitt að kunna fræðin, annað að kunna „praktíkina“. Þekkingu þarf að miðla milli kynslóða. Þá er mikilvægt að lögmaður reyni að finna tíma í sínum störfum til að gefa af sér og átta sig á því að það er ekki á færi allra að kaupa sér þjónustu lögmanns. Það er því þáttur í samfélagslegri ábyrgð lögmanna að finna tíma til að vinna kauplaust og jafnvel geri það með kerfisbundnari hætti en nú er í starfsemi lögmannsstofa.

Eyrún Ingadóttir

Andri Árnason hrl.
Finnur Magnússon hdl., LL.M.
Halldór Jónsson hrl.
Lárus L. Blöndal hrl.
Páll Ásgrímsson hdl., LL.M.
Sigurbjörn Magnússon hrl.
Stefán A. Svensson hrl., LL.M.
Vífill Harðarson hdl., LL.M.

juris

Borgartúni 26
IS 105 Reykjavík
+354 580 4400
www.juris.is

Lagapýðingar í öruggum höndum

Sérhæfðir pýðendur með víðtæka reynslu af öllum sviðum lagatexta.
Öll helstu tungumál. Traust og fagleg þjónusta.

Sendu okkur fyrirspurn á skjal@skjal.is og við komum þinni pýðingu í öruggar hendur.

Skjal þjónusta ehf. - Síðumúla 28 - 108 Reykjavík
Sími: 530 7300 - www.skjal.is



SKJAL PÝÐINGASTOFA

JÓNAS ÞÓR GUÐMUNDSSON HRL.



Þóknun fyrir störf verjenda og réttargæslumanna

SAMKVÆMT 3. MGR. 38. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála greiðist þóknun verjenda úr ríkissjóði og telst til sakarkostnaðar í máli. Samskonar ákvæði er í 3. mgr. 48. gr. laganna að því er réttargæslumann brotaþola varðar. Með lögum nr. 70/2009, 20. og 21. gr., var bætt við ákvæðin heimild fyrir ráðherra til að mæla fyrir um tímagjald sem tekið skyldi mið af við ákvörðun þóknunar. Þá heimild nýtti ráðherra sér með setningu reglugerðar nr. 715/2009. Í henni segir að við ákvörðun þóknunar skuli miða við að fyrir hverja byrjaða klukkustund séu greiddar kr. 10.000.

Staðan fyrir árið 2000

Fyrir setningu reglugerðarinnar var mælt fyrir um fjárhæð þóknunarinnar í viðmiðunarreglum dómstólaráðs fyrir héraðsdómstóla, en þær voru fyrst settar árið 2000. Fyrir þann tíma var ákvörðun þóknunar fyrir hverja klukkustund í höndum dómara í hverju einstöku sakamáli. Gera má ráð fyrir að fram til ársins 1994 hafi dómstólar litið til tímagjalds eins og það var ákveðið í gjaldskrá Lögmannafélags Íslands (sbr. úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 2/1994 og 16/1997), en eftir þann tíma og fram til ársins 2000 hafi verið tekið mið af gjaldskrá einstakra lögmannsstofa. Um ástæður þess að dómstólaráð, sem stofnað var með dómstólalögum á árinu 1998, setti fyrst viðmiðunarreglur um þóknun í sakamálum, heimildir og forsendur í því sambandi, verður ekki rætt frekar hér.

Viðmiðunarreglur dómstólaráðs

Dómstólaráð setti fyrst viðmiðunarreglur um fjárhæð þóknunarinnar árið 2000,

eins og áður var nefnt, sbr. tilkynningu frá 21. janúar það ár, nr. 1/2000. Fjárhæð þóknunar fyrir hverja byrjaða klukkustund var þar ákveðin kr. 6.500. Tekið var fram að yrðu almennt breytingar á gjaldskrá lögmannna skyldu fjárhæðir sæta endurskoðun. Nýjar viðmiðunarreglur voru settar 27. júní 2001, sbr. tilkynningu nr. 2/2001. Fjárhæð þóknunarinnar var þar ákveðin kr. 7.000. Dómstólaráð setti næst nýjar viðmiðunarreglur með gildistöku 1. október 2002, sbr. tilkynningu nr. 1/2002, og skyldi fjárhæð þóknunar vera kr. 7.800.

Því næst voru nýjar viðmiðunarreglur birtar með tilkynningu dómstólaráðs nr. 1/2005, og giltu frá 15. mars 2005. Fjárhæðin var nú ákveðin kr. 8.800. Með tilkynningu nr. 2/2006 voru enn birtar nýjar viðmiðunarreglur, með gildistöku 1. janúar 2007. Fjárhæð þóknunar var tilgreind kr. 10.400. Endurskoðunarákvæðið var nú hvergi að finna, en í stað þess var sagt að hækkun fjárhæða miðaðist við launavísitölu í október 2006 (300,4 stig). Með tilkynningu nr. 3/2007 kynnti dómstólaráð enn nýjar viðmiðunarreglur, sem giltu frá 1. janúar 2008. Fjárhæð þóknunar fyrir hverja byrjaða klukkustund skyldi vera kr. 11.200 og miðaðist hækkunin við launavísitölu í október 2007 (324,6 stig).

Reglugerð ráðherra

Með setningu áðurnefndrar reglugerðar nr. 715/2009, sem birt var 20. ágúst 2009 og hvíldi á breytingu á fyrrnefndum ákvæðum sakamálalaga, ákvað ráðherra fjárhæð þóknunarinnar kr. 10.000, eins og fyrir var getið. Sú lækkun sem í því fólst var réttlætt með vísan til þess að

hrun varð á Íslandi í október 2008. Í því sambandi má hafa í huga að vegna hrunsins var af hálfu ríkisvaldsins mælt fyrir um að laun ríkisstarfsmanna yfir kr. 400.000 skyldu almennt lækkuð um 3-15%. Þær launalækkningar, sem framkvæmdar voru og fóru fram á árinu 2009 og síðar, höfðu almennt að mestu leyti gengið til baka í október 2011.

Í nýjustu viðmiðunarreglum dómstólaráðs frá 10. september 2009, sbr. tilkynningu nr. 3/2009, er fjárhæð þóknunar tilgreind kr. 10.000. Tekið er fram að lækkun fjárhæða taki mið af reglugerð ráðherra og bréfi ráðuneytisins frá 24. ágúst 2009.

Fjárhæðir sem hefðu átt að gilda

Eins og rakið hefur verið að framan, var fjárhæð þóknunar verjenda og réttargæslumanna fyrir hverja byrjaða klukkustund lækkuð úr kr. 11.200 í kr. 10.000 í ágúst 2009. Engin hækkun hafði þá orðið vegna vísitölubreytingar frá október 2007 (324,6 stig) til október 2008 (353,3 stig), sem hefði átt að leiða til þess að tímagjaldið á síðarnefnda tímamarkinu væri kr. 12.200. Jafnvel þótt engin hækkun hafi orðið vegna breytinga á launavísitölu á árinu 2009, eins og þágildandi viðmiðunarreglur dómstólaráðs gerðu ráð fyrir, en þó gert ráð fyrir lækkun um 10% á tímabilinu ágúst 2009 (358,1 stig) til október 2011, hefði tímagjaldið eigi að síður átt að vera kr. 11.000. Í október 2011 (415,7 stig) hefði fjárhæðin síðan átt að hækka í kr. 14.300. Því næst hefði tímagjaldið átt að hækka í kr. 15.100 í október 2012 (436,8 stig) og loks nú í október 2013 (458,6 stig m.v. ágúst) í kr. 15.800.



Til samanburðar skal nefnt að tímagjald fyrir starf verjanda er í Danmörku kr. 36.100 (DKK 1.650), í Svíþjóð kr. 23.400 (SEK 1.242), í Noregi kr. 19.000 (NOK 945) og í Finnlandi kr. 16.300 (EUR 100).

Réttlát málsmeðferð og rekstur lögmannsins

Á máli þessu eru tvær hliðar. Sú fyrri lýtur að reglunni um réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Sakborningur á rétt á aðstoð verjanda til að halda uppi vörnum í sakamáli. Ljóst má vera að ákvörðun um fjárhæð þóknunar verjanda og réttargæslumanna, bæði fyrir hverja klukkustund og í heild, verður að endurspegla raunverulegan kostnað og réttmæta vinnu þeirra, þannig að tryggt verði að réttur sakaðra manna og brotaþola til réttlátrar málsmeðferðar

fyrir dómi sé raunhæfur og virkur, í samræmi við 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Síðari hliðin snýr að lögmanninum sjálfum. Samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/1998 um lögmennt er lögmanni skylt að taka við skipun eða tilnefningu sem verjandi eða réttargæslumaður í sakamáli. Við blasir að ef tímagjald fyrir starf verjanda og réttargæslumanns dugar ekki fyrir rekstrarkostnaði lögmannsins, lendir hann í vandræðum með að rækja starf sitt með fullnægjandi hætti. Rekstrarkostnaðurinn hverfur ekki þótt tímagjaldið dugi ekki fyrir honum. Hafa verður í huga að samkvæmt 12. gr. lögmannalaga er lögmanni skylt að hafa skrifstofu opna almenningi. Þar fellur jafnan til hefðbundinn kostnaður við húsnæði, váttryggingar, tölvukerfi,

bókakost og eftir atvikum launagreiðslur til almennra starfsmanna, svo fáein atriði séu nefnd. Í lögmannalögum eru ýmsar aðrar skyldur lagðar á lögmennt, sem hafa í för með sér kostnað, meðal annars um að hafa starfsábyrgðartryggingu og sérstakan vörslufjárreikning, sem löggiltur endurskoðandi þarf að staðfesta.

Afstaða ráðherra

Fulltrúar Lögmannafélags Íslands hafa á síðustu árum átt allmarga fundi með fulltrúum dómsmálaráðuneytisins og síðar innanríkisráðuneytisins um þóknunirnar. Skemmst er frá því að segja að ekki hefur verið orðið við málaleitan félagsins um hækkun tímagjaldsins. Á þeirri afstöðu hafa ekki verið gefnar haldbærar skýringar.

Eru snjalltæki þinna starfsmanna örugg?

Vodafone Secure Device Manager gerir þér kleift að vernda gögn og stýra notkun.

Örugg samskipti bæta lífið

vodafone.is/fyrirtaeki

Öruggur tölvupóstur varinn með lykilorði

Verndun snjalltækja og viðskiptagagna

Yfirsýn yfir snjalltæki gegnum stjórnborð



F.v. Marteinn Másson, Ingimar Ingason, Þórný Jónsdóttir, Margrét Rún Guðmundsdóttir, Guðrún Margrét Hannesdóttir, Jóhann Ólafsson, Hrund Hólm, Páll Þórhallsson, Pórey S. Þórðardóttir, Ómar Þór Eyjólfsson og Bogi Nilsson. Ljósmyndari: HJ.

Morinsheiði, Kattahryggir, Heljarkambur og óhappatalan 13

UNDANFARIN ÁR hefur félagsdeild LMFÍ staðið fyrir fjallgöngum fyrir lögmenn, fjölskyldur og vini. Meðal annars hefur verið farið á Hvannadalshnjúk, Heklu, Eyjafjallajökul og Snæfellsjökul þótt síðast nefnda fjallgangan hafi reyndar breyst í fjörugöngu vegna veðurs. Um miðjan júní síðastliðinn var farið yfir hinn vinsæla Fimmvörðuháls sem er um 25 km löng ganga. Marteinn Másson hrl., var einn göngumanna og deilir hér ferðasögunni með lesendum *Lögmannablaðsins*.

Okkar maður á fjöllum

Ekki var laust við að eftirvæntingar hafi gætt hjá þátttakendum Fimmvörðu-

hálsferðar LMFÍ þar sem fararstjórinn var enginn annar en Helgi Jóhannesson hrl., sem nýlega lauk leiðsögumannaprófi. Veltu menn fyrir sér hvort Helga tækist að „lesa“ hópinn rétt sem og hvernig hann brygðist við óvæntum aðstæðum, s.s. meiðslum göngumanna, óveðri, þreytu, væli, pexi eða öðru þar sem reynir á getu fararstjóra og útsjónarsemi.

Svo fór að þátttakendafjöldinn endaði í óhappatölunni 13 og lagði hópurinn af stað frá Skógum um tíuleytið að morgni 15. júní. Fossarnir í Skógánni munu vera rúmlega 20 talsins, upp að göngubrúnni yfir ána, með Skógarfoss neðstan og mestan. Við stoppuðum við marga þeirra, tókum myndir og nutum náttúrusmíðanna, enda hver öðrum falglegri.

Við tókum nestisstopp á leiðinni og svo annað við Baldvinsskála. Gamli skálinn, sem sumir kalla Fúkka, er ónýtur og hefur raunar verið mjög lélegur í mörg ár. Nú er búið að reisa nýjan skála við hlið hans og ekki að efa að göngufólk á eftir að njóta þess að hvíla lúin bein áður en haldið er upp síðustu snjóskaflana og brekkurnar. Við þurftum ekki að nýta okkur nýja skálann að þessu sinni því þegar hér var komið sögu skein sól í heiði.

Stóreinkennilegt fólk á hlaupum

Við vorum ekki ein á ferð þennan daginn á Fimmvörðuhálsi því nokkur hundruð manns voru á sömu leið og við. Þegar við héldum frá Baldvinsskála mættum



Á leið upp með Skógánni, nokkru áður en komið er að göngubrúnni yfir ána. Ljósmyndari: II.

við hlaupandi fólki á leið suður hálsinn. Það leit nokkuð eðlilega út, brosti jafnvel, en það var samdóma álit okkar að það hlyti að vera stóreinkennilegt.

Það er merkilegt að fá tækifæri til að ganga í nýju landslagi á hrauninu við Móða og Magna, fellin á Fimmvörðuhálsi sem mynduðust í gosinu árið 2010. Hraunið er svart og úfið en segja má að ekki hafi fyrr myndast skel á yfirborðinu, fljótlega eftir eldgosinu, en að gönguleið var mynduð yfir hraunið og í hlíðum fellanna. Mér skilst að menn hafi í fyrstu stoppað stutt á hrauninu til þess að skósólarnir bráðnuðu ekki. Í dag er þetta í lagi en þó stutt niður á hitann, það nægir að sparka aðeins vikri og hrauni til. Það vakti athygli mína í fyrsta þegar ég gekk þessa leið í fyrsta skipti eftir gos, og svo aftur núna, hvað mosinn er fljótur að nema land. Það er raunar furðu mikið af mosa sums staðar í hrauninu.

Þegar halla fer undan fæti, og ef veður leyfir, er útsýnið yfir Goðalandið, Þórsmörkina, Mýrdalsjökul, Tindfjallajökul og svæðið norðan jökla stórkostlegt. Við vorum sæmilega heppin með veður og fengum því að njóta þessarar náttúrefugurðar.

Eins og jafnan á þessum árstíma var nokkur snjór í Bröttufönn. Fólk notar

ýmsar aðferðir við að renna sér niður skaflinn, ýmist er reynt að „skíða“ á gönguskónum, eða þá að menn setja eitthvað undir afturendann á sér og renna sér þannig niður. Það er stutt í barnið í okkur við réttar aðstæður. Í harðfenni getur þetta þó verið varasamt.

Heljarkambur og Kattahryggir

Heljarkambur heitir hryggur sem tengir brekkurnar við Morinsheiði. Heiðin mun hafa myndast í svipuðu gosi og því sem varð á Fimmvörðuhálsi árið 2010 en jöklar og vatn surfu hluta heiðarinnar og mynduðu Heljarkambinn. Sumum finnst óþægilegt að fara kambinn því það þarf að fíkra sig niður með keðjum en gönguhópurinn okkar var ekki í vandræðum með það enda með þennan fína fararstjóra.

Áfram lá leiðin niður með Heiðarhorninu og niður Foldirnar þar til komið var á Kattahryggi. Gönguleiðin liggur þar ofan á móbergshrygg og er bratt niður í gilin sitt hvoru megin við gönguleiðina. Það fer því um suma að ganga þessa leið en hún er skemmtileg og ekki spillir fyrir fjölbreyttur gróðurinn í Strákagili. Við komum niður úr skóginum neðst á Kattahryggjunum,



Fararstjórinn síkáti, Helgi Jóhannesson. Ljósmyndari: II.

við mynni Strákagils, um kl. 18:00, þar sem rútan beið okkar.

Eftir sveitta hamborgara á Hvolsvelli skildi leiðir. Þessi gönguhópur var fljótur að hristast saman en allir voru í góðu formi, líkamlegu jafnt sem andlegu með skemmtilegheit og gott skap í fyrirrúmi. Aldursforseti hópsins, Bogi Nilsson, var ávallt meðal fremstu manna og blés ekki úr nös. Það er ekki amalegt að vera í svo góðu formi.

Lesendur eru sjálfsagt spenntir að vita hvernig fararstjórinn Helgi Jóhannesson hafi staðið sig í þessu nýja hlutverki meðal lögmanna. Svarið er að hann var fræðandi, leiðandi og ábyrgur en eins og venjulega var stutt í grínið og glensíð. Hann verður vonandi fararstjóri í fleiri ferðum á vegum félagsdeildar LMFÍ. Og ef hann verður einhvern tímann leiður á lögmennskunni þá tel ég að hann eigi tvímælaust framtíðina fyrir sér sem fararstjóri á fjöllum.

Marteinn Másson.

Af Merði lögmanni

Mörður er í þungum þönkum þar sem hann berst á móti sölnuðu laufi og túristum sem feykjast um Austurstrætið og skeyta engu um síðmiðaldra lögmann í súru skapi. Fyrirtöku í skiptamáli var rétt að ljúka, þar sem Mörður fékk yfirhalningu frá dómara sem lapti hverja vitleysuna á fætur annarri frá ungu lögfreyjunni sem sat á móti Merði, velgreidd og vellyktandi en með ógurlegan vandlættingarsvip yfir málsmeðferð Marðar - eða öllu heldur því sem hún taldi uppá hana vanta.

Það er brýn nauðsyn að mati Marðar að setja aldurstakmörk og kynjakvóta á lögmannsréttindi og koma með því í veg fyrir stórhættulega offjölgun í stéttinni. Ofgnótt er aldrei af hinu góða að mati Marðar sem man þá gömlu góðu daga þegar hann þekkti alla kollega sína og kellingar í stéttinni var hægt að telja upp á fingrum beggja handa.

Það var svo alfarið henni að kenna, þessari lögfreyju, að Merði entist ekki sumarið til að hefja glæstan golfferil sinn, sökum anna við að ljúka skiptum á dánarbúi sem hafði tafist aðeins eilítið að ganga frá. Það var ljóst að lögfreyjan hafði aldrei skipt dánarbúi sjálf og hafði engan skilning á því að það er ekkert óeðlilegt við það þó að það taki svo sem áratug eða þrjá að ganga frásvona máli. Rétt fyrir réttarhlé skullu ósköpin á Merði þegar erfingjar erfingjanna réðu sér nýjan lögmann, þann þriðja eða fjórða sjálfsagt. Upphófst þá endalaust ónæði þar sem Merði var hótad öllu illu ef hann lyki ekki skiptum þegar í stað, kærum til háttvísisnefndar lögmanna, klögum til dómstóla og jafnvel opnuúttekt í DV. Romsaði lögfreyjan við öll tækifæri uppúr sér orðrétt hinum og þessum lagagreinum og fræðitilvísunum. Ekki fór minnstur tími í það að vísa í stjórnarskrá og MSE (sem Mörður hélt reyndar að væri stórhættulegt krydd ættað frá austurlöndum). Útskýringum Marðar og föðurlegum ráðleggingum um lögmannshætti almennt og samvinnu kollega var ekki vel tekið og hélt lögfreyjan því ítrekað fram að ef Mörður hefði virkilega einhvern tíma lagt stund á skiptarétt þá væri alveg „kýrskýrt“ (eins og hún lagði sérstaka áherslu á) að hann væri orðinn svo kalkaður að hann væri búinn að gleyma því og almennri kurteisi í þokkabót.

Mörður greip þarna síðsumars í örvæntingu sinni til þess ráðs að leita aðstoðar hjá gömlum kollega sínum sem kennir sig við skandínavískt ríkisflugfélag. Kolleginn, sem er bóngóður og skilningsríkur að eðlisfari, var meira en til í að hjálpa og sagðist ætla „adda lögfreyjunni á feisbúkk.“ Mörður hefur ekki hugmynd um hvað það þýðir, vonandi ekkert refsivert, en það svínvirkaði því hringingum og bréfaskriftum freyjunnar stórfækkaði svo að Merði gafst færi á að skreppa heim í hérað í réttir.

Ekki varð sú ferð þó til að lyfta geði Marðar. Í samtölum sínum við gamla sveitunga í réttunum taldist honum svo til að hlutfall framámanna í Framsóknarfélagi Strandamanna, sem ekki hefðu landað ráð- eða nefndarsetu, væri á pari við fjölda áfrýjanna Marðar til Hæstaréttar sem ekki hefur verið vísað frá. Hvorugt hlutfallið kætir skammdagisskap Marðar sem í hundrað daga hefur beðið með réttmætar væntingar eftir því að formaðurinn ungi og gjörvulegi leitaði í reynslubrunn hans til að stýra einhverri nefndinni eða ráðinu sem hafa hlaðist upp í sumar eins og hormónabólur á nefi unglingsdrengrs.

Á sama tíma berast hins vegar fréttir af hverjum flokksfolanum á fætur öðrum sem landað hefur feitum bitlingi. Í kjötkatlafræðunum eru landanir í anda náttúruunnandans Helga Jó. Þar er ekkert „veiða og sleppa“ rugl á ferð og landaður bitlingur úthlutast því ekki aftur á tímabilinu.

 Námskeið Lögmannafélags Íslands**Málatilbúnaður í einkamálum og rekstur þeirra fyrir héraðsdómi - 24. og 29. október 2013**

Fjallað verður um rekstur einkamála í héraði og hvernig lögmenn geta betur gætt hagsmuna umbjóðenda sinna. Lögð verður áherzla á gerð stefnu og greinargerðar og hvernig lögmenn geta afmarkað betur málsgrundvöllinn. Fjallað verður um tilvik þar sem ólíkum kröfum er teft fram í sama máli (t.d. skaðabótakröfur utan og innan samninga, skaðabótakröfur og kröfur um váttryggingabætur). Ennfremur verður fjallað um aðstæður sem upp geta komið undir rekstri mála og hvernig bezt sé að gæta hagsmuna málsaðila.

Markmiðið með námskeiðinu er að bæta skjalagerð í einkamálum, gera lögmenn meðvitaðri um eðli grundvallarskjala og hvert vera eigi efni þeirra, svo og auka meðvitund þeirra um bætt hagsmunagæzlu fyrir umbjóðendur sína. Námskeiðið er fyrst og fremst ætla yngri lögmönnum.

Kennari: Viðar Már Matthíasson hæstaréttardómari.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími: Alls 6. klst. Fimmtudagur 24. okt. og þriðjudagur 29. okt. 2013 kl. 16:00-19:00.
Verð: Kr. 35.000,- en fyrir féлага í félagsdeild kr. 26.250,-

Frestur er á illu bestur - 31. október 2013

Farið verður yfir fyrningafresti, tómlætisfresti, málshöfðunarfresti og aðra fresti sem lögmenn þurfa að huga að í einkamálum. Fjallað verður um hina ýmsu fresti og túlkun þeirra. Leitast verður við að svara því hver sé upphafstími helstu fresta, lengd þeirra og hvernig þeir verða rofnir. Hversu langir eru tómlætisfrestir í kröfurétti og váttryggingarétti? Hvenær hefjast þeir og á hverjum hvílir sönnunarbyrðin um rof þeirra?

Kennari: Hildur Ýr Viðarsdóttir hdl. hjá Landslögum.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími: Fimmtudagur 31. okt. kl. 16:00-19:00.
Verð: Kr. 20.000,- en fyrir féлага í félagsdeild kr. 15.000,-

Úr hlýju hjónasængur - 5. nóvember 2013

Farið verður yfir reglur um fjárskipti hjóna og sambúðarfólks við slit sambúðar. Nýlegir dómur verða reifaðir og vangaveitur um hvort breyting hafi orðið með nýjum dómum Hæstaréttar á rétti sambúðarfólks vegna fjárskipta.

Kennari: Hulda Rós Rúriksdóttir hrl. hjá Lögmönnum Laugavegi 3.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími: Þriðjudagur 5. nóvember 2013 kl. 16:00-19:00.
Verð: Kr. 20.000,- en fyrir féлага í félagsdeild kr. 15.000,-

Upplýsingagjöf og útboð verðbréfa

- 19. nóvember 2013

Upplýsingagjöf útgefanda verðbréfa er ein forsenda skilvirks verðbréfamarkaðar. Á námskeiðinu verður fjallað um nokkur álitafni í tengslum útboð verðbréfa og töku þeirra til viðskipta, skyldur útgefanda til að birta upplýsingar og tilkynningar um viðskipti innherja. Reglur um þetta efni verða skoðaðar í ljósi túlkana FME og dóma, íslenskra sem erlendra. Jafnframt verður fjallað um samspil þessara reglna og reglna um gjaldeyrishöft.

Kennari: Guðmundur Thorlacius Ragnarsson hdl. hjá Arion banka.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími: 3 klst. Þriðjudagur 19. nóvember 2013 kl. 16:00-19:00
Verð: Kr. 20.000,- en fyrir féлага í félagsdeild kr. 15.000,-

Framkvæmd EES-réttar í ljósi nýlegra dóma EFTA-dómstólsins og mála hjá ESA

- 26. nóvember 2013

Á síðustu misserum hefur EFTA-dómstóllinn kveðið upp marga áhugaverða dóma, m.a sem varða álitafni tengd skaðabótaábyrgð ríkisins vegna brota á EES-samningnum. Þar hefur dómstóllinn gefið til kynna að aðrar og jafnvel vægari kröfur eigi að gera til „alvarleika brots“ í EES-rétti en í ESB-rétti. Eins hefur hann dæmt að sé löggjöf ekki réttilega tilkynnt til ESA geti það leitt til þess að ekki sé unnt að beita henni. Samband EFTA-dómstólsins og dómstóla í EFTA-ríkjunum hefur einnig verið í deiglu sem og mál er varða samkeppnisrétt og ríkisstyrki.

Á námskeiðinu verður farið yfir nýlega dóma frá EFTA-dómstólum sem og áhugaverð mál sem hafa verið til meðferðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Sjónum verður sérstaklega beint að málum sem varða Ísland eða eru áhugaverð fyrir íslenska lögfræðinga. Að lokum verður sjónum beint að nokkrum íslenskum dómsmálum þar sem íslenskar reglur sem upprunnar eru í tilskipunum EES réttar hafa verið skýrðar samkvæmt orðanna hljóðan, án þess að litið sé til uppruna þeirra. Í því ljósi verður vikið að mikilvægi þess að málsaðilar nýti sér það að fullu að byggja á reglum EES-réttar þ.m.t. dómum Evrópu dómstólsins í málatilbúnaði.

Kennari: Ólafur Jóhannes Einarsson framkvæmdastjóri skrifstofu innri markaðar hjá EFTA.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími: 3 klst. Þriðjudagur 26. nóvember 2013 kl. 16:00-19:00
Verð: Kr. 25.000,- en fyrir féлага í félagsdeild kr. 19.000,-

FRÁ STJÓRN LÖGMANNAFÉLAGSINS Í TILFNI AF SETNINGU INNANRÍKISRÁÐHERRA Á LEIÐBEINANDI REGLUM UM ENDURGJALD Í LÖGINNHEIMTUMÁLUM.

ÞANN 1. JÚLÍ s.l. tóku gildi leiðbeinandi reglur innanríkisráðherra gagnvart lögmönnum „um endurgjald sem þeim er hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af löginnheimtu peningakröfu“, sbr. 3. mgr. 24. gr. lögmanna laga nr. 77/1998, sbr. 6. gr. laga nr. 60/2010.

Að gefnu tilefni þykir stjórn Lögmannafélagsins rétt að upplýsa félagsmenn um þau sjónarmið sem haldið hefur verið uppi af hálfu félagsins til þessa máls og samskipti þess við innanríkisráðuneytið og eftir atvikum aðrar stofnanir, og er þá samantekt að finna hér að neðan.

Með bréfi dags. 7. september 2012 fór innanríkisráðuneytið fram á það við Lögmannafélag Íslands að félagið veitti umsögn um drög að leiðbeinandi reglum fyrir lögmenn varðandi endurgjald úr hendi skuldara vegna kostnaðar af löginnheimtu peningakröfu. Var umsagnarbeiðni ráðuneytisins sett fram á grundvelli áskilnaðar í 3. mgr. 24. gr. lögmanna laga nr. 77/1998, sbr. 6. gr. laga nr. 60/2010, þar sem segir að ráðherra skuli að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af löginnheimtu peningakröfu, sbr. 24. gr. a.

Í svari Lögmannafélagsins til ráðuneytisins dags. 12. október 2012 var ráðuneytinu kynnt sú afstaða félagsins að setning slíkra leiðbeinandi reglna fyrir lögmenn stæðist ekki samkeppnislög að mati stjórnar félagsins og gæti auk þess falið í sér brot á ákvæðum stjórnarskrárinnar. Var í því samhengi m.a. vísað til ákvörðunar

samkeppnisráðs í máli nr. 3/1994, sem staðfest var af áfrýjunarnefnd samkeppnismála í máli nr. 2/1994, sem og til afstöðu félagsins til frumvarps til breytinga á lögmanna lögum nr. 77/1998, sem síðar voru samþykkt sem lög nr. 60/2010.

Jafnframt var í svari félagsins til ráðuneytisins bent á að félagið teldi ekki nauðsyn á setningu umræddra reglna, þar sem þegar væru til staðar úrræði í íslenskum lögum sem tryggðu skuldurum vernd gegn óhóflegri gjaldtöku lögmanna við löginnheimtu peningakröfu. Héldi ráðuneytið því hins vegar til streitu að setja tilvísaðar reglur, væri einsýnt að leita þyrfti umsagnar samkeppnisyfirvalda um heimild til slíks. (Er í því samhengi vert að skoða umsögn Samkeppniseftirlitsins um framangreint frumvarp, þar sem eftirlitið leggst gegn því að ráðherra sé gert að hafa við Lögmannafélag Íslands við útgáfu slíkra leiðbeininga, þar sem slíkt geti haft í för með sér alvarlegar samkeppnishömlur hjá umræddum hagsmunasamtökum.)

Í bréfi innanríkisráðuneytisins dags. 25. mars 2013 var Lögmannafélagið upplýst um að ráðuneytið hefði farið yfir athugasemdir félagsins, en að það teldi ekki þörf á að leita umsagnar samkeppnisyfirvalda, þar sem skýrt væri kveðið á um skyldu ráðherra til setningar umræddra reglna í lögum um lögmenn. Með vísan til þessa og áskilnaðar félagsins um að það fengi að koma að athugasemdum um einstaka gjaldaliði reglnanna, var Lögmannafélaginu gefinn kostur á að koma slíkum athugasemdum á framfæri.

Í framhaldi af bréfi ráðuneytisins upplýsti Lögmannafélagið í bréfi dags.

18. apríl 2013 að stjórn félagsins myndi fara yfir inntak reglnanna og eftir atvikum einstaka gjaldaliði og koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðuneytið með formlegum hætti að því loknu.

Með tölvupósti ráðuneytisins dags. 23. apríl 2013 var Lögmannafélaginu veittur frestur til loka dags 24. apríl til að koma á framfæri athugasemdum sínum um regludrögin. Sendi stjórn félagsins ráðuneytinu bréf þann 24. apríl, þar sem fyrri afstaða félagsins var áréttuð, ásamt því að upplýsa að félagið hefði sent Samkeppniseftirlitinu bréf þann sama dag, þar sem óskað var eftir afstöðu eftirlitsins til þess hvort setning leiðbeinandi reglna samkvæmt ákvæði 3. mgr. 24. gr. laga um lögmenn stæðist ákvæði samkeppnislaga og hvort Lögmannafélaginu væri heimilt að veita umsögn um inntak þeirra. Jafnframt var í bréfi félagsins til innanríkisráðuneytisins sérstakur áskilnaður um rétt félagsins til að koma að efnislegum athugasemdum sínum um inntak reglnanna og einstaka gjaldaliði, féllist Samkeppniseftirlitið á heimild ráðherra til að setja slíkar leiðbeinandi reglur og að Lögmannafélaginu væri heimilt að veita umsögn um inntak þeirra.

Þrátt fyrir að Lögmannafélagið hafi með formlegum hætti upplýst ráðuneytið um þá ákvörðun sína að skjóta málinu til Samkeppniseftirlitsins, ákvað innanríkisráðherra að setja umræddar reglur og með gildistöku 1. júlí s.l. Var félaginu tilkynnt um þessa ákvörðun ráðherra með bréfi ráðuneytisins dags. 26. apríl 2013. Setning umræddra viðmiðunarreglna fór þannig fram án þess að umsögn Lögmannafélags Íslands lægi fyrir, svo sem áskilið er í lögum nr.

77/1998 um lögmennt, og þrátt fyrir að félagið hafi óskað eftir afstöðu annars stjórnvalds til þess hvort og þá hvernig félaginu væri heimilt að veita umsögn um regluþrógin.

Með bréfi Lögmannafélagsins dags. 7. júní 2013 var ákvörðun innanríkisráðherra vísað til umboðsmanns Alþingis, þar sem stjórn félagsins óskaði eftir því að umboðsmaður skoðaði, eftir því sem valdssvið hans næði til, hvort innanríkisráðherra hafi með setningu umræddra reglna og málsmeðferð þar að lútandi, brotið gegn ákvæðum laga, einkum umræddu ákvæði lögmannalaga, ákvæðum stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og öðrum reglum stjórnisýsluréttar.

Jafnframt var í bréfi félagsins til umboðsmanns bent á að ekki yrði séð af gögnum málsins að innanríkisráðherra

hafi, við ákvörðun á einstökum kostnaðarliðum umræddra reglna, rannsakað hver væri raunverulegur kostnaður löginnheimtuadila við slíka innheimtu, en telja yrði að sú skylda hafi hvílt á ráðherra lögum samkvæmt.

Þann 21. júní 2013 sendi stjórn Lögmannafélagsins nýskipuðum innanríkisráðherra bréf, þar sem skorað var á ráðherra að fresta gildistöku innheimturreglanna, þar til afstaða Samkeppniseftirlitsins og eftir atvikum umboðsmanns Alþingis lægi fyrir. Þessari beiðni var hafnað af ráðuneytinu með bréfi dags. 3. júlí s.l., með vísan til þess að ráðuneytið teldi að gætt hafi verið að réttri málsmeðferð við setningu reglnanna, sem settar hafi verið á grundvelli skyldu ráðherra samkvæmt lögmannalögum.

Afstaða umboðsmanns Alþingis liggur ekki fyrir í málinu, en stjórn Lögmannafélagsins bendir hins vegar á að umræddum reglum er, hvað sem öðru líður, samkvæmt áður nefndri 24. gr. a lögmannalaga og orðum sínum ætlað að vera „leiðbeinandi“. Samkvæmt 26. gr. lögmannalaga hefur úrskurðarnefnd lögmanna meðal annars það hlutverk að ákvarða endurgjald sem lögmönnum er hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af löginnheimtu, rísi upp ágreiningur vegna slíks og hann borinn undir nefndina, enda hafi honum ekki verið skotið til dómstóla

*Reykjavík 24. september 2013
Stjórn Lögmannafélags Íslands*

Nýr starfsmaður á skrifstofu LMFÍ

ÞANN 1. JÚNÍ sl. hóf Dóra Berglind Torfadóttir viðurkenndur bókari, störf á skrifstofu LMFÍ. Dóra Berglind starfaði áður á endurskoðunarskrifstofu og mun sjá um bókhald félagsins við hlið Hjördísar J. Hjaltadóttur. Við bjóðum Dóru Berglindi velkomna til starfa.



Bókasafn LMFÍ

Bókasafn LMFÍ er opið alla daga frá 9:00-17:00 eða á opnunartíma skrifstofu félagsins. Ef að lögmennt vilja nota safnið utan skrifstofutíma geta þeir fengið lánaðan lykil til að hafa í nokkra daga. Mjög góð aðstaða er til fræðaiðkunar á safninu, þ.á.m. tvær tölvur, þráðlaust net og tvær ljósritunarvélar. Allt safnið er skráð í www.gegnir.is og www.leitir.is svo hægt er að leita rafrænt að bókum.



Skönnun skjala í stað ljósritunar

Myndavélar snjallsíma eru orðnar svo góðar að hægt er að mynda skjöl í stað þess að ljósrita þau. Á netinu er einnig hægt að nálgast „app“ sem gerir skönnun skjala með símunum einfalda og þægilega. Svo eru skjölin vistuð rafrænt undir viðkomandi máli og fullir skjalaskápar heyrna sögunni til.

Golfsumarið 2013:

Sumarið sem fer í sögubækurnar



Veðrið lék við lögmenn og lækna á Urriðavelli en sama verður ekki sagt um önnur mót sumarsins.

Á ÝMSU HEFUR gengið í golfiðkun lögmanna þetta sumarið og hafa flestir kylfingar sem dvelja sunnan heiða verið vatnssósa með sultardropa í nefi og kalbletti á fingrum í rigningsudda, jafnvindalogni, útsynningi, hafgolu og jafnvel innlögn með bleytuslettingi til smekkbætis. Vætanlega fer sumarið í sögubækurnar fyrir vikið.

Keppni við tannlækna

Líkt og lög eru farin að gera ráð fyrir þá lyftu lögmenn bikarum á loft að lokinni keppni við tannlæknastéttina þann 2. júlí síðastliðinn. Að þessu sinni var keppt á Þorláksvelli við Þorlákshöfn og má segja að lognið hafi verið að flýta sér heldur mikið eins og við er að búast á þessum slóðum.

Keppni við lækna

Samtals 40 kylfingar voru mættir á Urriðavöll þann 30. júní til að leika holukeppni. Eftir slæma útreið lögmanna á síðasta ári, dugði læknum jafntefli til þess að halda bikarum. Þrátt fyrir

góða stemningu í liði júrsta og, slíku óvant, blíðskaparveður varð uppskeran læknum þóknanleg. Niðurstaðan varð jafntefli og munu lækna því geyma bikarinn í eitt ár til viðbótar.

Meistaramót lögmanna - fullreynt í fjórða

Það gekk erfiðlega að halda eina risamót ársins vegna skorts á góðviðri eða of mikils framboðs af vonskuveðri - allt eftir því við hvern er talað. Mótsstjórn þurfti að fresta mótinu í þriggja og fór svo loksins að mótið var haldið þann 18. september á Hvaleyrarvelli hjá Golfklúbbum Keili þar sem 21 keppandi mætti til leiks. Veðurguðirnir blessuðu kylfinga þennan dag og buðu upp á frábært golfveður með haustívaði. Að venju var leikinn högggleikur með og án forgjafar og var það sigurvegari í forgjafarleiknum sem krýndur var lögmanna-meistari. Úrslit mótsins urðu sem hér segir:



Kappklæddir kyllingar á 11. teig Hvaleyrarvallar. F.v. Pétur Fannar Gíslason, Óli Ingi Ólason, Friðjón Örn Friðjónsson og Ármann Fr. Ármannsson.

Höggleikur án forgjafar:

- 1. Ármann Fr. Ármannsson 76 högg
- 2. Bernharð Bogason 79 högg
- 3. Haukur Örn Birgisson 81 högg

Höggleikur með forgjöf:

- 1. Bernharð Bogason 71 högg
- 2. Ármann Fr. Ármannsson 73 högg
- 3. Eggert Páll Ólason 75 högg

Nándarverðlaun féllu í hlut þeirra Ármanns Fr. Ármannssonar og Ólafs Gústafssonar en högglangsti kyllingurinn þetta árið var Ármann Fr. Ármannsson.

Golfnefnd LMFÍ



Fyrirliði lögmanna, Haukur Örn Birgisson, var sáttur við sína menn í leikslok og hampaði bikarnum. Við hlið hans er Hannes Ríkharðsson, fyrirliði tannlækna.



Lögmannaheistarin 2013, Bernharð Bogason, ásamt Hauki Erni Birgissyni, mótisstjóra.



GLERÁRGÖTU 36 • 600 AKUREYRI • Sími 466 2700 • Netfang: LH@LOGMANNSHLID.IS
SIGMUNDUR GUDMUNDSSON HDL • INGVAR ÞORODDSSON HDL



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGAÐEILD



Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 · Fax 414 4101 · www.law.is

LANDSLÖG | LÖGFRÆÐISTOFA

Fimm ár frá hruni: Hefur íslenskt réttarkerfi staðist álagið?

UM ÞESSAR MUNDIR ERU FIMM ÁR LIÐIN FRÁ EFNAHAGSHRUNINU. LÖGMANNABLAÐIÐ FÉKK FIMM LÖGMENN TIL AÐ SVARA SPURNINGUNNI HVORT ÍSLENSKT RÉTTARKERFI HEFÐI STAÐIST ÁLAGIÐ SEM HRUNIÐ HEFUR VALDIÐ Í ÖRSTUTTU MÁLI.

RAGNAR H. HALL HRL.: MEÐVIRKIR DÓMSTÓLAR



Löggjafinn lét ekki á það reyna hvort stofnanir ríkisins réðu við verkefni sín í kjölfar hrunsins. Þess í stað var komið á fót nýrri stofnun, embætti sérstaks saksóknara. Það embætti fékk það verkefni að „sefa reiði almennings“ og til þess hefur verið varið mjög miklum fjármunum.

Dómstólar hafa verið „meðvirkir“ í ákvörðunum sínum í málum þar sem þetta embætti hefur átt í hlut. Úrskurðir um húsleitir og símahlustun hafa verið afgreiddir á færibandi, oft á tíðum án viðhlítandi lagastoðar, og álitamál um réttindi sakborninga í sakamálum nánast alltaf verið túlkuð ákærvaldinu í hag. Það á hins vegar eftir að reyna á það til fulls hvort dómstólarnir standi í afturfæturna þegar hin stærri dómsmál koma endanlega til dóms.

LÁRA V. JÚLÍUSDÓTTIR HRL.: DRÁTTUR Á SAKSÓKN ÓHEPPILEGUR



Til að svara þeirri spurningum í örstuttu máli hvort íslenskt réttarkerfi hafi staðist álagið þá tel ég að merkilega vel hafi tekist til að mörgu leyti. Verkefnið hefur verið mjög viðamikilið og flókið, sérstaklega þar sem flétturnar sem hefur þurft að greiða úr hafa verið á réttarsviði þar sem rannsóknaraðilar og dómarmar hafa ekki haft sérþekkingu á. Ég tel dómstólana sjálfa hafa staðið sig merkilega vel, en tel þann drátt sem varð í saksókninni allri afar óheppilegan. Fyrst varðandi það að setja á stofn embættis sérstaks saksóknara og síðan þann tíma sem farið hefur í rannsóknir mála. Það var til dæmis miður að á sama tíma og verið var að ákæra og saksækja mótmælendur fyrir óskunda gagnvart Alþingi þá var langt í að ákæra gagnvart brotlegum bankamönnum sæju dagsins ljós. Þetta jók mjög á óróann hjá almenningsi sem nógur var fyrir. Þegar litið er um öxl og velt fyrir sér hvaða lærdóma megi af þessu draga er fyrsta hugsunin sú að vona að aldrei þurfi aftur að taka á viðlíkum vandamálum og upp komu haustið 2008.

LÁRENTSÍNUS KRISTJÁNSSON HRL.: UPPLEGGIÐ RANGT



Ágætlega víða en verr annars staðar. Ég tel að uppleggið þegar embætti Sérstaks saksóknara var sett á laggirnar hafi verið rangt og reyndar grunnhugmyndin sem slík. Bæði við stofnun embættisins og í störfum þess og rannsóknaraðgerðum fæ ég ekki betur séð en að menn hafi almennt gefið sér fyrirfram að stórfelld skipulögð brotastarfsemi hafi verið ástunduð í bönskunum fyrir hrún. Þótt dæmi séu um alvarleg afbrot þá tel að reynslan sýni að þetta var röng forsenda í aðalatriðum sem hefur litað störf embættisins og skýrir að miklu leyti þann óratíma sem mikill fjöldi einstaklinga hefur þurft að liggja undir grun, sem er með öllu óásættanlegur. Skilvirkni dómstóla hefur verið ágæt sýnist mér en full mikil þó að mínu mati þegar sérstakur hefur óskað eftir dómsúrskurðum um rannsóknaraðgerðir. Hærrí þröskuldar vegna gjafsóknarleyfa voru einnig stórt skref aftur á bak og hitti þá fyrir sem síst skyldi.

BIRGIR TJÖRVI PÉTURSSON HDL.: EKKERT SVIGRÚM TIL FRUMKVÆÐISMÁLA

Það má að lágmarki segja að reynt hafi á þanþol íslensks réttarkerfis. Talsvert hefur verið rætt um álagið á dómskerfið og möguleg áhrif þess á afgreiðslutíma og gæði niðurstaðna. Skemmst er að minnast mikilvægar umfjöllunar Jón Steinars Gunnlaugssonar um áhrif aukins álags á störf Hæstaréttar. En álagið hefur tekið sinn toll víðar. Þannig hefur álagið mjög aukist á embætti Umboðsmanns Alþingis, sem hefur gegnt mikilvægu hlutverki gagnvart stjórnslunni. Þar er af nógu er að taka, ekki síst eftir hrun. Embættið virðist vart hafa undan innstreymi nýrra mála, en afgreiðsla stórra og flókinna mála gengur hægt og lítið sem ekkert svigrúm er til frumkvæðismála, þar sem ærið tilefni hefði verið til. T.d. að því er snýr að starfsemi gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins eftir hrun.

SIGRÍÐUR RUT JÚLÍUSDÓTTIR HRL.: SKRIFLEG KÆRUMEDFERÐ X MÁLA

Mér er efst í huga hversu mörg mikilvæg mál frá hruni hafa verið rekin sem svokölluð X mál fyrir dómstólum. X mál eru ágreiningsmál sem upp koma við skipti þrotabúa. Þau hefjast með því að skiptastjóri eða slitastjórinn senda erindi til héraðsdóms þar sem ágreiningi er vísað til dómstólanna til úrlausnar. Síðan er greinargerðum skilað til sóknar og varnar. Ef aðilar hyggja á að láta Hæstarétt endurskoða úrskurð héraðsdóms í X máli þá er um kærumeðferð að ræða en ekki áfrýjun. Kærumeðferðir eru að meginstefnu skriflegar fyrir Hæstarétti og er ekki gert ráð fyrir að fram skuli fara munnlegur málflutningur í slíkum málum. Hafa skal í huga að eftir hrun hafa dómstólar kveðið upp afar mikilvæga úrskurði, einmitt í X málum. Þá úrskurði hefur Hæstiréttur tekið til endurskoðunar á kærumálsveitvangi. Í allra stærstu málunum hefur Hæstiréttur vissulega ákveðið að fram skuli fara munnlegur málflutningur. En samt sem áður vaknar sú spurning hvort það sé ásættanlegt að lögin geri almennt ráð fyrir skriflegri kærumeðferð í slíkum málum sem oft varða gríðarlega fjárhagslega hagsmuni sem og mikilvæg lagaatriði sem skera þarf úr um.

 **Námskeið Lögmannafélags Íslands****Ágreiningur um skattlagningu**

- 28. nóvember 2013

Farið verður yfir nýlega dóma og úrskurði sem fallið hafa síðustu misseri og hvaða þýðingu þeir hafa á skattlagningu tekna hluthafa af hlutafjäreign sinni, skattlagningu rekstrarfélaga eftir öfugan samruna. Þá verður farið yfir refsídóma um skattlagningu vegna afleiðuviðskipta.

Kennari: Jón Elvar Guðmundsson hdl. hjá LOGOS.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími: 3 klst. Fimmtudagur 28. nóvember 2013 kl. 16:00-19:00
Verð: Kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 15.000,-

Stjórnsýslukærur - 3. desember 2013

Fjallað verður almennt um stjórnsýslukæru sem réttarúræði í stjórnsýslunni út frá sjónarhorni kærands.

Farið verður yfir kærueimildir, aðild að kærumálum og þær reglur sem gilda um meðferð slíkra mála. Ennfremur verður fjallað um frestun réttaráhrifa og skilyrði fyrir höfðun dómsmáls.

Kennari: Kristín Benediktsdóttir, lektor við lagadeild Háskóla Íslands.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími: Alls 3 klst. Þriðjudagur 3. desember 2013 kl. 16:00-19:00.
Verð: Kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 15.000,-

Skráning stendur yfir á heimasíðu www.lmfi.is



Hæpin túlkun héraðsdóms á skyldum lögmanna

EKKI ER ALGENT að lögmenn þurfi að höfða mál fyrir dómstólum til að sækja þóknun fyrir störf sín. Hinn 25. febrúar sl. féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli nr. E-4117/2011 sem Lex ehf. höfðaði á hendur Húsaviðhaldi og viðgerðum ehf. til greiðslu á endurgjaldi fyrir veitta lögmennsþjónustu. Var stefndi sýknaður af kröfum Lex ehf. Vakti sú niðurstaða talsverða athygli meðal lögmanna en í málinu reyndi meðal annars á túlkun á 21. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn.

Af hálfu stefnanda var á því byggt að skuldin væri tilkomin vegna lögfræðiráðgjafar og málflutningsaðstoðar á tilteknu tímabili sem stefnda bæri að greiða fyrir á grundvelli meginreglu samningaréttarins um skuldbindingargildi samninga. Varnir stefnda byggðust einkum á því að brestir hefðu verið í hagsmunagæslu stefnanda fyrir stefnda sem fólust í því að sá lögmaður sem var með umboð stefnda hafi sent fulltrúa sinn til aðalmeðferðar án þess að hafa til þess umboð stefnda. Byggði stefndi á því að við rekstur málsins hafi komið fram að fulltrúinn réði ekki við verkefnið.

Í málinu var því tekist á um túlkun á 4. mgr. 21. gr. lögmannalaga (ranglega vísað til 3. mgr. í dómi héraðsdóms), þar sem segir að lögmanni sé skylt að inna sjálfur af hendi þau störf fyrir dómi sem honum eru falin nema umbjóðandi hans samþykki annað. Jafnframt segir í ákvæðinu að lögmaður geti þó falið fulltrúa sínum eða öðrum lögmanni að sækja fyrir sig dómþing, enda sé það ekki háð til aðalmeðferðar máls eða munnlegrar sönnunarfærslu.

Fyrri hæpið og síðara fráleitt

Í forsendum héraðsdóms segir að sú þjónusta sem lögmaður veitir umbjóðanda sínum sé persónuleg

þjónusta. Þá kemst dómurinn að þeirri niðurstöðu að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á það í málinu að fyrirsvarsmáður stefnda hafi veitt „skýlaust“ samþykki til þess að fulltrúi lögmennsins flytti málið og segir héraðsdómur í forsendum að ekki hafi verið sýnt fram á að það sé sú þjónusta sem samið hafi verið um eða óskað eftir af hálfu stefnda. Taldi héraðsdómur þetta nægja til að sýkna stefnda alfarið af kröfu Lex ehf.

Gagnrýna má þessa niðurstöðu héraðsdóms. Annars vegar leggur héraðsdómur til grundvallar stranga túlkun á áskilnaði 4. mgr. 21. gr. um samþykki umbjóðanda. Hins vegar virðist dómurinn búa til hlutlæga reglu um að lögmaður missi alfarið og með öllu rétt sinn til endurgjalds sé ofangreindum áskilnaði ekki fullnægt. Hið fyrra er hæpið en hið síðara allt að því fráleitt.

Af orðalagi 4. mgr. 21. gr. lögmannalaga leiðir augljóslega að samþykki umbjóðandi lögmenns að fulltrúi þess síðarnefnda eða annar lögmaður á stofu lögmennsins flytji mál við aðalmeðferð, verður að líta svo á að það sé heimilt. Í málinu var ekki deilt um það að fulltrúinn hafði unnið að málinu með vitund umbjóðandans og af hálfu stefnanda var því haldið fram að umbjóðandinn hefði samþykkt það munnlega á undirbúningsfundum fyrir aðalmeðferð að málflutningur yrði í höndum fulltrúans. Þá virðist fyrirsvarsmáður stefnda engar athugasemdir hafa gert við þessa tilhögun, jafnvel þó svo að hann hafi mætt sjálfur til aðalmeðferðar, fylgst þar með og gefið skýrslu. Taldi stefnandi að með þessu hefði umbjóðandinn í reynd veitt samþykki sitt, eins og áskilið er í 4. mgr. 21. gr. lögmannalaga. Kemur á óvart að dómurinn skuli ekki sjá ástæðu til að fjalla um þetta í röksemdum

sínum, þ.e. hvaða þýðingu það hefur í þessu samhengi að umbjóðanda sé kunnugt um að fulltrúi lögmenns annist málareksturinn og geri ekki við það athugasemdir.

Kröfuréttarleg ráðgáta

En jafnvel þó svo að fallist yrði á að áskilnaði 4. mgr. 21. gr. lögmannalaga hefði strangt til tekið ekki verið fullnægt, vekur furðu að dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að greiðsluskilylda stefnda fyrir veitta lögmennsþjónustu falli niður í heild sinni. Eins og að framan er getið byggði stefndi varnir sínar m.a. á því að þjónustu stefnanda hefði verið ábótavant. Á þetta féllst héraðsdómur ekki og áréttaði sérstaklega að ekkert hefði komið fram í málinu sem styddi það að fulltrúi lögmennsins hefði ekki ráðið við verkefnið eða að hann hefði ekki gætt hagsmuna stefnda við meðferð málsins. Hvernig héraðsdómur getur komist að þeirri niðurstöðu á grundvelli þessarar staðhæfingar sinnar að stefnandi eigi ekki rétt á neinu endurgjaldi fyrir veitta þjónustu er í reynd kröfuréttarleg ráðgáta.

Með þessari niðurstöðu er verið að slá fastri almennri og verulega íþyngjandi reglu sem varðar alla lögmenn í störfum þeirra. Í dóminum felst að formlegt samþykki umbjóðanda þarf að liggja fyrir ætli lögmaður fulltrúa sínum að sækja fyrir sig dómþing sem háð er til aðalmeðferðar máls eða munnlegrar sönnunarfærslu. Liggi slíkt samþykki ekki fyrir fellur greiðsluskilylda umbjóðandans niður, jafnvel þótt hinni veittu þjónustu sé ekki ábótavant. Þessi stranga túlkun á áskilnaði 4. mgr. 21. gr. lögmannalaga er auðvitað mjög umdeilanleg og því er miður að mál þetta skyldi ekki koma til kasta Hæstaréttar.



NÝ MÁLFLUTNINGS- RÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Bjarni Lárusson hrl.

Pacta - málflutningur & ráðgjöf
Laugavegi 97
101 Reykjavík
Sími: 440-0500

Guðbjarni Eggertsson hrl.

Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 516-4000

Próstur Ríkharðsson hrl.

Furuhlið 19
221 Hafnarfirði

NÝ MÁLFLUTNINGS- RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Árni Sigurgeirsson hdl.

Lagarök lögmannsstofa
Síðumúla 27
108 Reykjavík
Sími: 692-7203

Ásta Björk Eiríksdóttir hdl.

Lögfræðistofa Suðurnesja ehf.
Hafnargötu 51-55
230 Reykjanesbæ
Sími 420-4040

Börkur Ingi Jónsson hdl.

Lögfræðistofa Íslands
Kringlunni 4-12
103 Reykjavík
Sími: 695-7889

Davíð Örn

Sveinbjörnsson hdl.

ADVEL Lögmenn slf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími 520-2050

Einar Hannesson hdl.

Vík, lögmannstofa ehf.
Garðastræti 37
101 Reykjavík
Sími: 781-8113

Guðni Jósep Einarsson hdl.

Hafnargötu 90
235 Reykjanesbæ
Sími: 552-7400

Helga Sigríður

Pórhallsdóttir hdl.

Húseigendafélagið
Síðumúla 29
108 Reykjavík
Sími: 588-9567

Hreiðar Eiríksson hdl.

Exitus lögfræðiþjónusta ehf.
Hrafnhólum 6
111 Reykjavík
Sími: 696-9710

Íris Björk Hreinsdóttir hdl.

Arion Banki
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 446-6199

Kristín Björg

Albertsdóttir hdl.

Biskupsstofa
Laugavegi 31
101 Reykjavík
Sími: 866-8696

Sara Rut Sigurjónsdóttir hdl.

Drómi hf
Lágmúla 6
108 Reykjavík
Sími: 540-5035

Snorri Snorrason hdl.

Lögfræðistofa Suðurnesja
Hafnargötu 51-55
230 Reykjanesbæ
Sími: 420-4040

Pórdís Bjarnadóttir hdl.

ADVEL Lögmenn slf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími 520-2050

ENDURÚTGEFIN MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI

Árni Múli Jónasson hdl.

Heiðarbraut 63
300 Akranesi
Sími: 691-2290

Unnsteinn Örn

Elvarsson hdl.

De Facto ehf.
Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík
Sími: 517-3344

Hrund Hafsteinsdóttir hdl.

ETNA Legal Services
Strandvegi 16
210 Garðabæ
Sími: 896-3664

NÝR VINNUSTAÐUR

Birgir G. Magnússon hdl.

Lögmenn Hamraborg 12
Hamraborg 12
200 Kópavogi
Sími: 571-1600

Bjarni Hauksson hdl.

JP Lögmenn
Höfðatorgi 17.hæð
105 Reykjavík
Sími: 588-5200

Eleonora Bergþórsdóttir hdl.

LEX lögmannsstofa
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 590-2600

Lögmenn Sundagörðum

Guðbrandur Jóhannesson hdl.

Hlynur Ingason hdl.
Jónas Örn Jónasson hdl.
Sævar Þór Jónsson hdl.

Sundagörðum 2

104 Reykjavík
Sími: 527-7782

Guðmundína

Ragnarsdóttir hdl.

Fasteignamál
Laugavegi 59
101 Reykjavík
Sími: 552-2420

Jakob Björgvin

Jakobsson hdl.

Skattar og ráðgjöf ehf.
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 516-4076

Jóhannes Eiríksson hdl.

LEX lögmannsstofa
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 590-2600

Kristján Óskar

Ásvaldsson hdl.

Pacta Lögmenn
Hafnarstræti 19
400 Ísafjörður
Sími: 440-7900

Súsanna Björg

Fróðadóttir hdl.

Vox Lögmannsstofa
Mörkinni 3
108 Reykjavík
Sími: 531-0000

Póra Björg Jónsdóttir hdl.

Samband íslenskra
sveitarfélaga
Borgartúni 30
105 Reykjavík
Sími: 515-4900

Pórður Heimir Sveinsson hdl.

Lögfræðistofa Reykjavíkur
Borgartúni 25
105 Reykjavík
Sími: 515-7400

NÝTT AÐSETUR

Ásgeir Björnsson hdl.

G. Jónsson & Partners
Austurströnd 1
170 Seltjarnarnesi
Sími: 517-2500

Guðmundur Jónsson hdl.

Síðumúla 25
108 Reykjavík
Sími: 615-1584

Gylfi Jens Gylfason hdl.

LGG ehf.
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 516-4000

Magnús Baldursson hrl.

Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 516-4064

Sigurður A. Þóroddsson hrl.

Hólabergi 74
111 Reykjavík
Sími: 568-9944

Valgeir Kristinsson hrl.

Skipholti 19
105 Reykjavík
Sími: 564-2081

Pórarinn Jónsson hdl.

Grjótaseli 17
109 Reykjavík
Sími: 822-7220



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtubjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is